



BYGGÐASTOFNUN

Atvinnutekjur 2008-2015

eftir atvinnugreinum og svæðum



Próunarsvið Byggðastofnunar desember 2016

Texti: Sigurður Árnason

Gagnavinnsla og gagnaöflun: Einar Örn Hreinsson og Guðmundur Guðmundsson

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Þróun atvinnutekna 2008-2015.....	7
Landbúnaður	9
Fiskveiðar.....	10
Fiskeldi.....	11
Námugróftur og jarðefnavinnsla	12
Framleiðsla án fiskvinnslu	12
Fiskvinnsla	13
Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	14
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	15
Verslun og viðgerðir ökutækja	16
Flutningar og geymsla	17
Rekstur gististaða og veitingarekstur	17
Upplýsingar og fjarskipti.....	18
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	19
Fasteignaviðskipti	20
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi.....	21
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta.....	21
Opinber stjórnýsla og varnarmál; almannatryggingar	22
Fræðslustarfsemi.....	23
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	24
Menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi	24
Félagasamtök og önnur starfsemi	25
Kynskiptur vinnumarkaður	27
Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum	28
Atvinnutekjur eftir landshlutum.....	29
Breytileiki landshlutanna.....	33
Höfuðborgarsvæðið.....	33
Suðurnes.....	38
Vesturland	42
Vestfirðir.....	45
Norðurland vestra	48
Norðurland eystra	50
Austurland	53
Suðurland	56

Atvinnutekjur 2008-2015

Samantekt	61
Heimildaskrá.....	62
Viðauki.....	64

Inngangur

Samkvæmt gildandi Byggðaaætlun¹ og samkvæmt lögum um Byggðastofnun² á stofnunin að fylgjast með byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar með úrvinnslu opinberra gagna og eigin gagnasöfnun. Í auknum mæli hefur stofnunin unnið að því að vinna svæðisbundna tölfræði, þ.e. að greina þá tölfræði sem er til niður á landshluta eða smærri einingar eftir sem hægt er miðað við fyrirbyggjandi gögn. Einn af þeim þáttum sem mikilvægt er að kortleggja betur eru atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Það er að greina hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum íbúa eftir landssvæðum. Sömuleiðis að greina breytingar innan svæða á ákveðnu tímabili.

Skýrslan byggir á gögnum sem fengin voru frá Hagstofu Íslands sem vann þau úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Um er að ræða sérvinnslu fyrir Byggðastofnun. Ekki er um opinberlega útgefnar hagtölur að ræða en upplýsingarnar byggja m.a. á gögnum sem eru enn í vinnslu og hafa ekki verið nýtt til opinberrar hagskýrslugerðar af hálfu Hagstofu Íslands. Um er að ræða staðgreiðslutekjur einstaklinga, þ.e. laun og reiknað endurgjald, hér eftir nefndar atvinnutekjur. Þetta eru ekki heildartekjur einstaklinga þar sem upplýsingarnar innihalda ekki greiðslur eins og bætur almannatrygginga, greiðslur úr lífeyrissjóðum og aðra liði sem ekki teljast vera atvinnutekjur. Gögnin innihalda því heldur ekki hagnað af rekstri einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili einstaklinga en ekki lögheimili eða staðsetningu launagreiðanda. Segja má því að um sér að ræða atvinnutekjur íbúa ákveðins sveitarfélags eða svæðis.

Gögnin voru borin saman við staðtölur skatta frá Ríkisskattstjóra og reyndist áreiðanleiki samtalna gagnanna niður á svæði vera vel viðunandi. Sömuleiðis reyndist hlutfall atvinnutekna af heildarútsvarsstofni sveitarfélaga vera trúverðugt. Skipting milli atvinnugreina byggir á grunnskráningu launafulltrúa hvers launagreiðanda. Líklegt er því að ónákvæmni í tölunum megi að einhverju leyti rekja til rangra eða ófullnægjandi skráningar hjá fyrirækjum og búferlaflutninga einstaklinga innan hvers árs. Miklar og óútskýrðar breytingar eru láttnar standa en gerðar athugasemdir þegar breytingar innan tímabils þykja ótrúverðugar.

Gögn um atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum eru tiltæk hjá Hagstofu Íslands frá og með árinu 2008. Árið 2008 hrundu bankarnir með tilheyrandi efnahagsþrengingum, uppsögnum og atvinnuleysi. Þess vegna má segja að skýrsla lýsi þróun atvinnutekna eftir atvinnugreinum og svæðum á árunum eftir hrun og breytingum sem urðu á samsetningu þeirra. Allar tölur í skýrslunni hafa verið færðar til verðlags ársins 2015 og eru því að því leyti sambærilegar á milli ára.


Skýrslan skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi er farið yfir landið allt og hver atvinnugrein fyrir sig tekin og þróun hennar skoðuð yfir tímabilið og hvaða vægi hún hafði í hverjum landshluta fyrir sig. Í öðru lagi er skoðuð kynjaskipting vinnumarkaðarins þ.e. hlutfall atvinnutekna kvenna af atvinnutekjum í hverri grein og hvaða breytingar urðu á atvinnutekjum kvenna á tímabilinu. Í þriðja lagi er skoðaður breytileiki landshlutanna. Þar er farið yfir hverjar voru helstu atvinnugreinar í hverjum landshluta og hverju atvinnugreinasvæði og yfir helstu breytingar sem urðu á tímabilinu. Að lokum eru helstu niðurstöður teknar saman.

Við svæðagreiningu atvinnuteknanna voru skilgreind atvinnugreinasvæði. Við skilgreiningu þeirra var í fyrsta lagi horft til þess að þau fylgdu markalínunum landshlutasamtaka sveitarfélaga (sóknaráætlanasvæðum), í öðru lagi að þau fylgdu markalínunum sveitarfélaga og að svæðin væru ekki

¹ Heimild: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaetlun1417/thingsalyktunartillagan-med-athugasemdum.pdf>

² Heimild: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999106.html>

með færri en um 3.000 íbúa. Ástæða þess að miða við 3.000 íbúa er að talið var líklegt að með því að hafa svæði fámennari myndu upplýsingar um atvinnugreinar tapast vegna þess að ekki er heimilt að sýna gögn ef færri en fimm starfa í atvinnugreininni á svæðinu.



Skiptingin er sem hér segir (sjá einnig mynd):

Höfuðborgarsvæðið: i) Reykjavíkurborg, ii) Seltjarnarnesbær, iii) Kópavogsbær, iv) Garðabær v) Hafnarfjarðarkaupstaður og vi) Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Suðurnes: i) Reykjanesbær, ii) Grindavíkurbær og iii) Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

Vesturland: i) Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit, ii) Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð og iii) Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær (Snæfellsnes).

Vestfirðir:³ i) Ísafjarðarbær og ii) Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Norðurland vestra: i) Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd og ii) Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Norðurland eystra: i) Akureyrarkaupstaður ii) Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur og iii) Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Austurland: i) Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur og ii) Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpvogshreppur.

³ Við skiptingu Vestfjarða reyndist ekki vera önnur leið til að ná nægilega stórum svæðum sem innihéldu a.m.k. 3.000 íbúa en þessi tvískipting. Æskilegra hefði verið að telja Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp með Ísafjarðarbær en það hefði þýtt að þau sveitarfélög sem eftir stæðu hefðu aðeins verið með um 2.200 íbúa.

Suðurland: i)Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur, ii)Vestmannaeyjabær, iii)Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur, iv)Sveitarfélagið Árborg v)Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og vi)Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær.

Atvinnugreinaskipting atvinnutekna byggir á bálkum ÍSAT2008⁴. Að nokkru leyti hefur verið brugðið frá þeirri skiptingu. Báلكi A var skipt upp í landbúnað, fiskveiðar og fiskeldi og Báلكi B skipt upp í fiskvinnslu og aðra framleiðslu. Þá voru báلكar D og E sem innihalda veitur ýmiskonar sameinaðir í það sem er kallað Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs. Þá voru þrír síðustu báلكarnir sameinaðir S, T og U⁵, í Félagasamtök og önnur starfsemi. Atvinnugreinaskiptingin sem skýrslan byggir á er því sem hér segir: a)landbúnaður, b)fiskveiðar, c)fiskeldi, d)námugróftur og jarðefnavinnsla, d)framleiðsla án fiskvinnslu, e)fiskvinnsla, f)veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs, g)byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, h)verslun og viðgerðir ökutækja, i)flutningar og geymsla, j)veitinga- og gistirekstur, k)upplýsingar og fjarskipti, l)fjármála- og váttryggingastarfsemi, m)fasteignaviðskipti, n)sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi, o)leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta, p)opinber stjórnsýsla og almannatryggingar, q)fræðslustarfsemi, r)heilbrigðis- og félagsþjónusta, s)menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi, og t)félagasamtök og önnur starfsemi.


⁴ Sjá nánar um ÍSAT2008 í viðauka 1.

⁵ Flokkur S inniheldur Félagasamtök og aðra þjónustustarfsemi, T Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðslu til eigin nota og S Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt. Síðustu tveir flokkarnir eru ákaflega veigalitlir.

Þróun atvinnutekna 2008-2015


Atvinnutekjur á landinu í heild jukust um 1,2% á milli árána 2008 og 2015, úr 968 milljörðum kr. í 979,6 milljarða kr. Á saman tíma fjölgaði íbúum á landinu um rúmlega 5,4%. Atvinnutekjur á hvern íbúa eru því enn nokkuð lægri en þær voru árið 2008, fyrir hrún. Þegar við horfum til breytinga á milli mismunandi landssvæða kemur eftirfarandi mynd í ljós.

Á myndinni til hægri sést að heildaraukning atvinnutekna er ríflega 11,6 milljarðar kr. Þegar horft er til skiptingar á milli höfuðborgar(Hb.) og landsbyggðanna (Lb.) kemur í ljós að 2,1 milljarðs aukning varð á höfuðborgarsvæðinu á meðan að 9,5 milljarða aukning varð í landsbyggðunum. Aukningin, sem reyndar er hverfandi eins og áður sagði, skiptist mjög misjafnlega á milli svæða þar sem að Suðurnes (Sn.), Suðurland (Sl.) og Norðurland eystra (Ne.)



eru með nokkra aukningu. Á sama tímabili stóð Vesturland (VÍ.) í stað og lækkun varð á atvinnutekjum á Austurlandi (Al.), Vestfjörðum(Vf.) og Norðurlandi vestra (Nv.).

Hlutfallslega er þróunin einnig mismunandi eftir landssvæðum. Þar sést að hlutfallshækkunin á höfuðborgarsvæðinu er aðeins 0,3% á meðan íbúum á svæðinu fjölgaði um 7,9%. Á Suðurnesjum var aukningin 7,7% en íbúafjöldunin tæplega 9,0%, á Suðurlandi var aukningin 6,2% á móti 4,6% íbúafjöldun og á Norðurlandi eystra var aukning um 3,5% og íbúafjöldun upp á 1,6%. Á Vesturlandi var nær engin aukning, eða 0,2% á meðan íbúum fjölgaði um 1,3%.




Á þeim þremur landssvæðum þar sem að atvinnutekjur lækkuðu að raunvirði á tímabilinu varð einnig íbúafækkun. Þannig lækkuðu atvinnutekjur á Vestfjörðum um 2,2% en íbúum um 4,9%, á Norðurlandi vestra var lækkunin 1,4% en íbúum fækkaði um 4,7% og á Austurlandi lækkuðu atvinnutekjur um 2,7% en íbúum fækkaði um 13,4%. Austurland hefur hér nokkra sérstöðu þar sem að stórframkvæmdum vegna virkjunar og álversbyggingar lauk í byrjun tímabilsins.

Þegar horft er til breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2008-2015 í einstökum atvinnugreinum á verðlagi ársins 2015 sést að langmestur samdráttur varð á tímabilinu í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð annars vegar og í fjármála- og váttryggingastarfsemi hins vegar. Samtals nemur lækkunin í þessum tveimur greinum rúmlega 60 milljörðum kr. Aukningin dreifist hins vegar á fleiri þætti. Þar eru helstir veitinga- og gistirekstur, fiskvinnsla, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta, flutningar og geymsla sem allir tengjast ferðaþjónustunni fyrir utan fiskvinnsluna. Samtals nemur aukning þessum greinum 52 milljörðum kr.

Atvinnutekjur 2008-2015

Atvinnugreinar – tölur í milljónum kr.	2008	2015	Breyting
Landbúnaður	6.720	8.081	1.361
Fiskveiðar	45.330	46.400	1.070
Fiskeldi	727	2.027	1.300
Námugróftur og jarðefnavinnsla	1.100	1.009	-91
Framleiðsla án fiskvinnslu	91.494	98.045	6.551
Fiskvinnsla	20.474	33.708	13.234
Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	17.998	17.915	-83
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	80.616	47.669	-32.947
Verslun og viðgerðir ökutækja	110.051	105.446	-4.605
Flutningar og geymsla	52.000	62.112	10.111
Veitinga- og gistirekstur	21.385	38.511	17.125
Upplýsingar og fjarskipti	50.125	52.523	2.398
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	83.922	55.129	-28.793
Fasteignaviðskipti	7.381	6.770	-611
Sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi	58.255	57.493	-762
Leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta	20.846	32.317	11.471
Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar	75.413	75.660	247
Fræðslustarfsemi	90.730	98.582	7.852
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	98.797	103.798	5.002
Menningar,- íþróttar- og tómstundastarfsemi	16.518	17.622	1.104
Félagasamtök og önnur starfsemi	18.112	18.791	679
Samtals	967.994	979.607	11.613

Mynd sem sýnir meðalatvinnutekjur er hér til hægri. Meðalatvinnutekjur eru fundar út þannig að deilt er í atvinnutekjur með fjölda íbúa á aldrinum 18-67 ára. Á árinu 2008 voru meðalatvinnutekjur hæstar á höfuðborgarsvæðinu, um 5,0 milljónir kr. en landsmeðaltalið var 4,7 milljónir kr. Allir aðrir landshlutar voru undir landsmeðaltalinu. Lægstu meðalatvinnutekjurnar voru á Suðurnesjum, Norðurlandi vestra og á Suðurlandi um 4,1 milljón kr. Á árinu 2015 var landsmeðaltalið 4,6 milljónir kr. Hæst var meðaltalið á Austurlandi, 5,1 milljón kr. og hafði hækkað 0,8 milljónir kr. frá árinu 2008. Flestir aðrir landshlutar stóðu í stað eða því sem næst nema höfuðborgarsvæðið sem lækkaði niður í 4,7 milljónir kr. Eins og árið 2008 voru Suðurnesin og Norðurland vestra lægst með 4,1 milljón kr. og Suðurlandið aðeins þar fyrir ofan. Rétt er að taka fram að allar tölur eru á verðlagi ársins 2015. Um er að ræða meðaltal viðkomandi landshluta en breytileiki innan landshlutanna er í sumum tilvikum verulegur.






Landbúnaður

Atvinnutekjur í landbúnaði jukust úr 6,7 milljörðum kr. í 8,1 milljarð á milli árunum 2008 og 2015. Atvinnutekjur í landbúnaði eru líklega vanmetnar þar sem að hluti tekna af landbúnaði kemur fram sem hagnaður af búrekstri á einstaklingsframtal viðkomandi bónda til viðbótar við reiknað endurgjald þegar um rekstur á einstaklingskennitölum er að ræða. Á myndinni hér til hliðar sést, eins og við var að búast, að meginhluti allra atvinnutekna í landbúnaði kemur utan höfuðborgarsvæðisins.

Þegar horft er til þróunar árunum 2008-2015 sést að lækkun varð á atvinnutekjum í landbúnaði allt fram til ársins 2012 þegar það varð 17% hækkun á milli ára. Í framhaldi af því hafa atvinnutekjur í greininni hækkað ár frá ári að raunvirði. Hækkunin árið 2012 stingur nokkuð í augu en skýrist líklega að stærstum hluta af því að viðmiðun ríkisskattstjóra á reiknuðu endurgjaldi í landbúnaði hækkaði verulega á milli árunum 2011⁶ og 2012⁷.

Á myndinni til hliðar sést að aukning á atvinnutekjum í landbúnaði er aðallega bundin við Norðurland vestra og Suðurland, auk höfuðborgarsvæðisins. Önnur svæði eru aðeins með lítilsháttar aukningu. Allar tölur eru í milljónum kr.



⁶ Reiknað endurgjald fyrir árið 2011 <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2011/>




⁷ Reiknað endurgjald fyrir árið 2012 <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2012/#tab2>

Fiskveiðar

Atvinnutekjur í fiskveiðum voru 45,3 milljarðar kr. í upphafi tímabilsins, fóru hæst í 56,3 milljarða kr. árið 2012 en voru komnar niður í 46,4 milljarða kr. árið 2015. Um 77% atvinnutekna af fiskveiðum eru í landsbyggðunum en hlutur höfuðborgarsvæðisins hefur þó aukist umtalsvert á tímabilinu. Þar fyrir utan varð mest aukning á Austurlandi meðan samdrátturinn var mestur á Norðurlandi vestra.

Eins og áður sagði urðu allmiklar sveiflur á atvinnutekjum í fiskveiðum, þar sem verðmætið fór upp um 11 milljarða kr. á fyrri hluta tímabilsins og síðan niður um 10 milljarða kr. Skýringa á þessu er að leita í launakerfi sjómanna sem byggir á aflaskiptakerfi sem þýðir að tekjur sjómanna miðast við aflaverðmæti. Hækki aflaverðmæti í íslenskum krónum fara tekjur sjómanna upp og öfugt. Undanfarin ár hefur íslenska krónan styrkst gagnvart erlendum myntum⁸ og aflaverðmæti minnkað að raunvirði⁹.

Á myndinni til hliðar sést breyting á atvinnutekjum í fiskveiðum í milljónum kr. skipt eftir landshlutum. Þar sést að næstum öll aukning í atvinnutekjum er á höfuðborgarsvæðinu á meðan landsbyggðirnar rétt halda sínu. Þessu er nokkuð misskipt milli landsbyggðanna þar sem að umtalsverð aukning er á Austurlandi og nokkur á Vesturlandi. Mestur samdráttur yfir tímabilið í heild er hins vegar á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum.



⁸ http://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fj%C3%A1rm%C3%A1last%C3%B6guleiki/2016-2/Fjarmalastodugleiki_%202016_2.pdf bls.17

⁹ https://hagstofa.is/media/49972/hag_160815.pdf mynd 2 á bls. 2.




Fiskeldi

Greinin er vissulega ekki orðin stór og vigtar ekki stórt í þjóðarþúskapinn í heild en var komin með atvinnutekjur upp á ríflega tvo milljarða kr. á árinu 2015 sem var aukning úr rúmum 700 milljónum kr. árið 2008. Tæplega þrjár fjórðu atvinnutekna runnu til fólks utan höfuðborgarsvæðisins. Þar voru Suður-nesin og Vestfirðir stærst en Norðurland eystra og Suðurland komu þar á eftir.

Mikill hlutfallslegur vöxtur var á Vestfjörðum og Austurland sem rekja má til þess að það eru þau svæði þar sem heimilt og mögulegt er að stunda sjókvíældi¹⁰. Einnig var verulegur vöxtur á Suðurlandi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu sem líklega má rekja til landeldisstöðva á svæðinu.¹¹

Stöðugur vöxtur hefur verið í fiskeldi undanfarin ár og gera áætlanir fyrirtækja í greininni ráð fyrir að hann haldi áfram. Gert er ráð fyrir því að heildarslátrun af laxfiskum á árinu 2016 verði 15.000 tonn. Áætlanir gera ráð fyrir að á árinu 2020 verði sláturmagnið komið í 40.000 tonn¹². Fyrirtæki í greininni hafa verið að útvega sér starfsleyfi, rækta seiði og auka eldismassa í kvíum. Þau sem lengst eru komin hafa hafið nokkra slátrun.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fiskeldisstöðva telja þau að á árinu 2016 séu bein störf í fiskeldi orðin 360 og fari fjölgandi á móti 40 störfum árið 2009. Að auki telja samtökin að tengd og afleidd störf séu um 200.¹³ Á myndinni til hægri má sjá aukningu atvinnutekna eftir landshlutum í milljónum kr.



¹⁰ http://www.fiskistofa.is/media/laxa_silungssvid/auglysing_460_2004.pdf

¹¹ <http://www.lf.is/is/umhverfismal/landeldi/>

¹² <http://www.lf.is/is/nokkrar-stadreyndir-um-fiskeldi-a-islandi/>

¹³ <http://www.lf.is/is/nokkrar-stadreyndir-um-fiskeldi-a-islandi/>

Námugróftur og jarðefnavinnsla





Námugróftur og jarðefnavinnsla er frekar veigalítill flokkur á Íslandi sem gefur af sér atvinnutekjur upp á ríflega milljarð króna. Stærstu þættir í honum eru malar- og grjótnám, kalkpörunganám og vikurnám. auk vinnslu annarra jarðefna. Að auki falla undir þennan flokk fyrirtæki sem stofnuð hafa verið vegna þjónustustarfsemi við leit og vinnslu á olíu og gasi. Greinin skiptist nokkuð jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðanna.

Þar sem flokkurinn byggir á stórum hluta á vinnslu efnis vegna bygginga- og mannvirkjagerðar, þ.m.t. vegagerðar er eðlilegt atvinnutekjur í flokknum sveiflist eftir því. Einnig verður að taka tillit til þess að flokkurinn er lítill og einhverjir aðilar sem vinna að þessari starfsemi vinna jafnframt að vega- og mannvirkjagerð og eru hugsanlega skráðir í bálk F undir byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.

Líkt og bygginga- og mannvirkjagerð voru atvinnutekjur á árinu 2015 mun lægri en árið 2008. Þróunin hefur verið mismunandi eftir landshlutum og athygli vekur að mest hækkun hefur orðið á Vestfjörðum og langmest lækkun varð á höfuðborgarsvæðinu. Hækkun á Vestfjörðum má að öllum líkindum rekja til kalkpörunga-verksmiðju á Bíldudal.


Framleiðsla án fiskvinnslu

Bálki C, framleiðsla, er skipt í tvennt þar sem ákveðið var að skipta fiskvinnslu-hlutanum út. Þessi flokkur fór úr rúmlega 91 milljarði kr. árið 2008 í 98 milljarða kr. árið 2015. Ríflega 60% allra atvinnutekna af annarri framleiðslu en fiskvinnslu eru á höfuðborgarsvæðinu. Flokkurinn er mjög víðfeðmur og inniheldur t.d. alla matvælavinnslu aðra en fiskvinnslu, framleiðsla á drykkjarvörum, efnavörum, lyfjum, málmum þ.m.t. álframleiðsla sjá nánar viðauka 1.




Atvinnutekjur 2008-2015

Atvinnutekjur í þessum flokki drógust saman um 20% árin 2008-2011 eða um rúmlega 13 milljarða kr. á verðlagi ársins 2015. Þær hafa síðan stighækkað á hverju ári frá og með árinu 2012, sjá mynd til hliðar, samtals um 30%. Nettóaukning á tímabilinu nemur ríflega 7%.




Í flestum landshlutum varð nokkur aukning á milli árána 2008 og 2015 nema á Vestfjörðum þar sem það varð samdráttur rúmlega 4% og á Vesturlandi og Norðurlandi vestra þar sem samdráttur var örlítill. Yfirleitt var aukningin 6-8% en mest varð aukningin á Norðurlandi eystra, 17%, sem má eflaust að stórum hluta rekja til verksmiðju Becromal á Akureyri sem gangsett var á árinu 2009.¹⁴




Fiskvinnsla

Fiskveiðar og fiskvinnsla voru mikilvægustu atvinnugreinarnar á Íslandi alla 20. öldina. Heldur hefur dregið úr hlutfallslegu mikilvægi sjávarafurða eftir því sem fjölbreytni í atvinnulífinu hefur aukist. Þrátt fyrir það voru atvinnutekjur í sjávarútvegi árið 2015 yfir 80 milljarða kr. Þar af er hlutur fiskvinnslunnar 33,7 milljarðar kr. Atvinnutekjur í greininni jukust á árunum 2008-2015 um 13,2 milljarða kr. eða tæp 65%.



Aukningin var hægfara fyrstu þrjú árin eftir hrun, en varð mjög mikil á árunum 2012 og 2015 þegar atvinnutekjur af fiskvinnslu jukust um 21% og síðan um 17% hvort ár.¹⁵ Á sama tímabili áætla Hagstofa Íslands að starfsfólki í fiskvinnslu hafi fjölgað úr 2.500 í 3.200 eða um 28%.¹⁶




¹⁴ <http://www.becromal.eu/the-history/>

¹⁵ Þetta er í samræmi við tölur Hagstofu Íslands sem birtast árlega í ritinu Hagur veiða og vinnslu.

¹⁶ Fyrirspurn í gagnagrunn Hagstofu Íslands. Samfélag-vinumarkaður-Vinumarkaður-Við vinnu í aðalstarfi eftir atvinnugreinum (bálkar), kyni og búsetu 2008-2015.

Atvinnutekjur 2008-2015


Miklar breytingar hafa orðið í bolfiskvinnslu í landinu þar sem nú er um helmingur alls bolfisks unnin á suðvesturhorni landsins, í minna en klukkustundarfjarlægð frá Keflavíkurflugvelli og Sundahöfn í Reykjavík. Fyrir um 20 árum var þetta hlutfall um þriðjungur. Breytingar hafa einnig átt sér stað í vinnslu uppsjávarafla en hann fer nú að stærstum hluta til vinnslu í Vestmannaeyjum, á Höfn og á Austurlandi.¹⁷




Í samræmi við þetta varð mesta aukningin í atvinnutekjum í fiskvinnslu á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Suðurlandi sem inniheldur Höfn, Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn. Minnst var aukning í atvinnutekjum í milljónum kr. talið á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Sá munur er að á Norðurlandi vestra var aukningin 123% en aðeins 26% á Vestfjörðum sem er langminnsta aukningin á landinu.

Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs

Hér eru sameinaðir bálkar D og E sem innihalda rafmagnsveitur, hitaveitur, vatnsveitur, fráveitur, meðhöndlun úrgangs og afmengun þ.m.t. sorphirða og meðhöndlun sorps. Ef horft er á myndina hér til hliðar sést óverulegur munur á tölum fyrir 2008 og 2015. Sveiflurnar eru þó meiri en þessar tölur gefa til kynna. Fyrstu þrjú árin eftir hrun varð 17% lækkun á atvinnutekjum sem síðan gekk til baka á árunum 2012-2015.




Atvinnutekjur af þessari starfsemi voru því nær óbreyttar í upphafi og við lok tímabilsins, tæpir 18 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2015. Mestur samdrátturinn varð á höfuðborgarsvæðinu en þar voru atvinnutekjur af veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs 339 milljónum kr. lægri árið 2015 en árið 2008 sem eru þó aðeins 3%.



¹⁷ <http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2015/11/Sjavarklasinn-Efnahagsleg-umsvif-og-afkoma-2014.pdf> bls.8.


Atvinnutekjur 2008-2015

Stóran hluta samdráttar á höfuðborgarsvæðinu má rekja til aðhaldsaðgerða Orkuveitu Reykjavíkur¹⁸ í kjölfar hrunsins sem m.a. koma fram í lækkun á launum og launatengdum gjöldum. Samdrátturinn á Vesturlandi og Norðurlandi vestra nam 9-10% en aukningin á Vestfjörðum 26% og 11,5% á Norðurlandi eystra.




Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð

Undir þennan flokk fellur bygging húsnæðis og samgöngumannvirkja, þar á meðal vegagerð. Á árinu 2008 var þessi flokkur einn sá stærsti með ríflega 80 milljarða kr. í atvinnutekjur. Í kjölfar efnahagshrunsins dró mjög úr framkvæmdum sem leiddi til uppsagna fjölda fólks í þessum geira¹⁹. Ríki og sveitarfélög þurftu að herða ólína vegna lægri tekna og aukinna skulda. Sem dæmi má nefna að á milli áruna 2008 og 2010 lækkaði framlag til Vegagerðarinnar um rúmlega helming, fór úr 45 milljörðum kr. í 21,7 milljarð kr. og lækkuðu enn frekar næstu tvö ár þar á eftir.²⁰



Eins og gefur að skilja leiddi þetta til mikils samdráttar en atvinnutekjur af byggingastarfsemi og mannvirkjagerð lækkuðu um 33 milljarða kr. á milli áruna 2008 og 2009 eða 41%. Áframhaldandi lækkun varð á árunum 2010, 2011 og 2012 þegar að botninum var náð. Þá voru atvinnutekjur ekki nema 45% af því sem þær höfðu verið árið 2008. Á árunum 2012-2015 varð aftur hægfara aukning í byggingariðnaði en þrátt fyrir það eru atvinnutekjur í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð aðeins um 60% af því sem þær voru í á árinu 2008.



Þrátt fyrir að samdrátturinn hafi verið mestur á höfuðborgarsvæðinu í krónum talið var samdrátturinn nokkuð jafn yfir landið, um það bil 33-44%. Frávik frá þessu voru Suðurnesin þar sem samdráttur var ríflega 50% og á Austurlandi þar sem samdrátturinn var 65%.

¹⁸ Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2008 https://www.or.is/sites/or.is/files/or_arsskyrsla_2008.pdf og Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2015.

¹⁹ <https://www.vinnulastofnun.is/media/1107/hopuppsagnir-i-desember-2008305696538.pdf>

²⁰

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013/\\$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013/$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013.pdf) bls. 11 – súlurit 1 á verðlagi ársins 2013.





Atvinnutekjur 2008-2015

Að stórum hluta má segja að samdrátturinn á Austurlandi hafi verið skiljanlegur og fyrirséður þar sem virkjanaframkvæmdum við Kárahnjúka, byggingu álvers á Reyðarfirði og tengdum framkvæmdum var að ljúka í upphafi tímabilsins.

Verslun og viðgerðir ökutækja

Undir þennan flokk fellur öll smávörusverslun, heildverslun og sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum. Atvinnutekjur í greininni losuðu 110 milljarða króna á árinu 2008 en lækkaðu skarpt á árinu 2009 og héldu áfram að lækka þar til að aukning varð að nýju á árinu 2012. Sem dæmi um þetta má nefna að nýskráningar fólksbifreiða féllu úr ríflega 9.000 bílum á árinu 2008 niður í 2.200 árið 2009. Nýskráningum hefur fjölgað hægt og sígandi og voru orðnar tæplega 9.500 árið 2014.²¹ Þetta rímar einnig við að kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst verulega saman á árunum 2009-2010 og jókst hægt í framhaldi af því.²² Á árinu 2015 voru atvinnutekjur í greininni komnar upp í 105 milljarða króna sem þýðir að samdrátturinn var að mestu genginn til baka. Um 75% allra atvinnutekna af þessum greinum eru á höfuðborgarsvæðinu.

Mest aukning á tímabilinu varð á Suðurnesjum um 265 milljónir kr. (4,5%), sem rekja má til aukinna umsvifa á Keflavíkurflugvelli en rúmlega tvöföldun varð á farþegafjölda um völinn á tímabilinu²³. Á Norðurlandi vestra var aukning um 5%. Annars var víða nettósamdráttur upp 3-4,5%. Á Austurlandi varð samdráttur 18% sem líklega er afleiðing af samdrætti í framkvæmdum á svæðinu. Á Vestfjörðum var samdráttur um tæp 16% og á Vesturlandi um 10%.



²¹ <http://www.samgongustofa.is/umferd/tolfraedi/bifreidatolur/>

²² <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/thjodhagsreikningar/tekjuskiptingaruppgjor/>

²³ <http://www.isavia.is/files/flugtolur-2015-final-islenska.pdf> bls.3.

Flutningar og geymsla

Flokkurinn flutningar og geymsla innheldur vöru- og fólksflutninga á landi, sjó og með flugi, póstpjónustu auk vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga.





Atvinnutekjur af flutningum og geymslum árið 2008 voru 52 milljarðar kr. en voru ríflega 62 milljarðar kr. í árslok 2015. Samtals var 16% samdráttur árið 2009 en ákveðin stöðnun var næstu tvö ár. Frá og með árinu 2012 hefur verið stöðug aukning sem skýrist af auknum straumi ferðamanna til landsins.

Rúmlega 80% atvinnutekna í þessum geira voru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum árið 2008 og hækkaði hlutfallið í tæp 83% árið 2015. Næst á eftir kom Norðurland eystra með ríflega 5% og Suðurland með 4%.

Af heildaraukningu upp á 10,1 milljarð kr. í greininni voru tæplega 9,4 milljarðar kr. á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eða 93%. Næst mest var aukningin á Suðurlandi, 16,5%. Lækkun varð á atvinnutekjum í greininni á Norðurlandi vestra en annars var nokkurra prósentu raunaukning.

Rekstur gististaða og veitingarekstur

Þessi flokkur innifelur rekstur hótela, gistiheimila, orlofsdvalarstaða, tjaldsvæða, veitingastaði hvers konar þ.m.t. matsölastaði, bari og dansstaði. Mikil aukning varð í atvinnutekjum í rekstri veitinga- og gististaða eins og í annarri ferðapjónustu á tímabilinu. Atvinnutekjur í greininni drógust aðeins saman eða um 7% árið 2009. Frá og með árinu 2012 hefur hins vegar verið mikill vöxtur í greininni sem tæplega tvöfaldist á árunum 2012-2015.



Atvinnutekjur 2008-2015





Atvinnutekjur á tímabilinu 2008-2015 fóru úr 21,4 milljarði kr. í 38,5 milljarða kr. Atvinnutekjurnar jukust því um 17,1 milljarð kr. eða 80%. Á sama tíma fjölgaði erlendum ferðamönnum sem komu til landsins úr ríflega 500 þúsund manns í tæplega 1.300 þúsund manns.²⁴ Þá fjölgaði gistinóttum á hótelum úr 1,3 milljónum nóttu í tæplega 2,9 milljónir gistinóttu og á gistiheimilum fjölgaði úr 580 þúsund gistinóttum í ríflega 1,2 milljónir gistinóttu.²⁵

Tæplega 2/3 greinarinnar eru á höfuðborgarsvæðinu en um þriðjungur á landsbyggðunum. Aukning á milli landssvæða hefur verið mjög mismunandi. Frá því að vera um 30% á Austurlandi og Vestfjörðum í það að vera 120% á Suðurnesjum og 96% á Suðurlandi. Aðrir landshluta eru nær meðaltalinu.

Upplýsingar og fjarskipti

Flokkurinn upplýsingar og fjarskipti inniheldur útgáfustarfsemi (þ.m.t. hugbúnaðarútgáfa og tölvuleikir), framleiðslu á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, sjónvarpsefni, hljóðupptökur, tónlistarútgáfu, útvarps- og sjónvarpsútsendingar, dagskrárgerð, fjarskipti, þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (þ.m.t. hugbúnaðargerð og rekstur tölvukerfa) og upplýsingaþjónustu (þ.m.t. gagnavinnsla, hýsing og vefgáttir). Mikið af þessari starfsemi er hægt að vinna óháð staðsetningu sé háhraðanetsamband til staðar.

Atvinnutekjur af greininni árið 2009 voru 50 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2015 og hafði hækkað í 52,5 milljarða kr. árið 2015. Þróun greinarinnar á tímabilinu var svipuð og margra annarra með verulegan samdrátt á árunum 2009-2011 og síðan stöðugan vöxt.




²⁴ <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2015>

²⁵ <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/gisting/>


Atvinnutekjur 2008-2015

Skipting milli landshluta er mjög skýr en rétt tæp 90% af atvinnutekjum, 47,2 milljarðar kr., af þessum greinum renna til fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu. Næst á eftir koma Norðurland eystra með 1,8 milljarða kr. árið 2015 og síðan Suðurnes og Suðurland með ríflega milljarð kr. Atvinnutekjur af þessum greinum eru hins vegar hverfandi á Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, í kringum 200 milljónir kr. á ári, sem eru 0,3-0,4%. Þróunin hefur líka verið í þá átt að þessi starfsemi styrkist á höfuðborgarsvæðinu en standi í stað eða minnki í öðrum landshlutum.




Fjármála- og váttryggingastarfsemi

Undir þennan flokk fellur fjármála- og váttryggingastarfsemi, starfsemi lífeyrissjóða (ekki lögboðnar almannatryggingar) og tengd starfsemi. Mikill vöxtur var í fjármálastarfsemi á Íslandi á árunum fyrir hrun. Um aldamótin var stærð íslenskra banka u.þ.b. eins árs landsframleiðsla og þjónuðu þá aðallega þörfum innlendra aðila vegna viðskipta og umsvifa á Íslandi. Í árslok 2007 voru þrjú stærstu bankarnir hins vegar orðnir að alþjóðlegum fyrirtækjum með eignir sem námu nífaldrí landsframleiðslu Íslands.²⁶ Á árunum 2011-2014 nam stærð bankakerfisins hins vegar um einni og hálfri landsframleiðslu Íslands²⁷ og því sex sinnum minna en það var þegar það hrundi.



Um 87% atvinnutekna af greininni var á höfuðborgarsvæðinu bæði árið 2008 og 2015 sem skýrist m.a. af því að nær undantekningarlaust eru höfuðstöðvar og miðlæg vinnsla fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða staðsettar þar. Strax á árinu 2009 minnkuðu atvinnutekjur í greinunum um þriðjung en héldu síðan áfram að lækka næstu tvö ár þar á eftir. Samanlagt lækkuðu atvinnutekjur í þessum greinum því um ríflega 40% á fyrstu þremur árunum eftir hrun. Hækkun varð á atvinnutekjum í þessum greinum á árunum 2012 og 2013 en raunlækkun varð að nýju á árunum 2014 og 2015 þó hún hafi verið óveruleg.



²⁶ <http://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/bindi-7/21.-kafli/> 21.2.1.1. Vöxtur bankakerfisins og trúverðugleiki.

²⁷ <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Kerfisahaettuauki.pdf> mynd 10 á bls.6



Atvinnutekjur 2008-2015

Minnkun á atvinnutekjum í fjármála- og váttryggingastarfsemi á tímabilinu 2008-2015 nam 28,8 milljörðum kr. eða 34%. Ef horft er til hlutfallsbreytinga eftir landssvæðum varð mesti samdráttur á Vesturlandi 47% og á Vestfjörðum 42%. Minnstur var hlutfallslegur samdráttur hins vegar á Norðurlandi vestra tæp 18%, á Suðurlandi 23% og Norðurlandi eystra 24%.



Fasteignaviðskipti

Flokkurinn fasteignaviðskipti nær yfir kaup, sölu, leigu og miðlun fasteigna. Atvinnutekjur af fasteignaviðskiptum námu 6,8 milljörðum kr. árið 2015 og höfðu lækkað um ríflega 600 milljónir kr. frá árinu 2008 eða rúmlega 8%. Rúmlega 81% af öllum atvinnutekjum í greininni renna til fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu. Þar næst á eftir koma Norðurland eystra og Suðurland með um 5% hlutdeild hvort svæði. Á Vesturlandi er hlutfallið 3% og ríflega 2% á Suðurnesjum en annars staðar eru tekjur af þessari starfsemi hverfandi.

Eins og við var að búast drógust umsvif í þessari grein verulega saman í kjölfar bankahrunsins en samtals drógust atvinnutekjur í greininni saman um 38% fyrstu þrjú árin eftir hrun, mest á árinu 2009 þegar lækkunin nam 30%. Í framhaldi af því hefur verið stöðug aukning. Greinin er samt sem áður með rúmlega 8% minni atvinnutekjur en fyrir hrun. Nokkrar athygli vekur að minniháttar aukning mælist á Vesturlandi og Norðurlandi eystra.



Þar næst á eftir koma Norðurland eystra og Suðurland með um 5% hlutdeild hvort svæði. Á Vesturlandi






Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi

Þessi flokkur inniheldur lögfræðipjónustu, bókhaldspjónustu, endurskoðun, rekstrar-ráðgjöf ýmiskonar, starfsemi arkitekta og verkfræðinga, vísinda- og þróunarstarf, auglýsingastarfsemi, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir, ljósmyndapjónustu, þýðingar- og túlkunarþjónustu og dýralækningar.


Atvinnutekjur af þessum flokki voru 58,2 milljarðar kr. árið 2008 en 57,5 milljarðar kr. árið 2015. Þróun í þessum flokki var að mörgu leyti áþekk og annars staðar með miklu tekjufalli á árinu 2009 og áframhaldandi lækkun næstu tveimur árum þar á eftir. Samtals varð fjórðungs samdráttur í atvinnutekjum í greininni. Þrátt fyrir stöðuga hækkun frá og með árinu 2012 er nettósamdráttur á tímabilinu um 760 milljónir kr. sem gerir 1,3%.

Tæp 83% af atvinnutekjum í þessum greinum voru á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 og jókst á tímabilinu upp í tæp 85% þar sem samdráttur hefur orðið á flestum landssvæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Hlutfallslega var samdráttur í atvinnutekjum mestur á Austurlandi 22% og á Suðurnesjum 19%. Næst komu Norðurland eystra með 15% samdrátt, Suðurland með 14% og Norðurland vestra með 10%.



Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta

Undir þennan flokk fellur ýmiskonar leigustarfsemi önnur en fasteignaleiga þ.m.t. bílaleigur, atvinnumiðlun, starfsmannaleigur, ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, öryggisþjónusta, rannsóknarstarfsemi, fasteignaumsjón, hreingerningapjónusta, skrudgarðyrkja og skrifstofuþjónusta s.s. ljósritun, símsvörun og úthringipjónusta, skipulagning ráðstefna, innheimtuþjónusta og pökkunarstarfsemi.



Atvinnutekjur 2008-2015





Atvinnutekjur í þessum flokki voru 20,8 milljarðar kr. árið 2008 og jukust í 32,3 milljarða kr. árið 2015 eða um 11,5 milljarða kr. eða 55%. Eftir að atvinnutekjur höfðu dregist nokkuð saman fyrstu árin eftir hrun hafa atvinnutekjur í þessum flokki vaxið hratt. Líklegasta skýringin er að þeir þætti sem snúa að aukinni ferðamennsku þ.e. bílaleigur, ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur valdi hér mestu. Hvað varðar bílaleigubíla þrefaldaðist fjöldi þeirra á tímabilinu 2006-2015, fóru úr 4.756 í 15.401 bíl.²⁸

Greinin er langstærst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, en tæp 80% atvinnutekna í þessum greinum eru á því svæði. Næst á eftir koma Norðurland eystra með tæp 8% og Austurland og Suðurland með tæp 5% hvort svæði. Víðast er allnokkur aukning í þessum greinum. Minnst er hún á Vesturlandi 19%. Mest er hún hlutfallslega á Vestfjörðum 90%, riflega 80% á Suðurnesjum og 76% á Suðurlandi.

Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar

Þessi flokkur inniheldur æðstu stjórn ríkisins þ.m.t. forsetaembætti, Alþingi, almenna stjórnsýslu, utanríkisþjónustu, dómstóla, fangelsi, löggæslu, slökkvilið, björgunarstarfsemi, varnarmál og almannatryggingar (þ.e. starfsemi sem tengist lögbundnum sjúkra-, slysa-, lífeyris- og atvinnuleysistryggingum og greiðslu bóta í fæðingarorlofi).

Atvinnutekjur í þessum flokki, sem inniheldur að mestu leyti almannþjónustu sem rekin er af hinu opinbera, voru atvinnutekjur orðnar svipaðar á árinu 2015 og þær voru árið 2008 eða 75,5 milljarðar kr. Vegna aðhaldsaðgerða hins opinbera á eftirhrunsárunum voru fjárframlög til



²⁸ <http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/ferdathjo-nustusky-rsla-2016-pdf> bls.8

Atvinnutekjur 2008-2015





Þessara málaflokka lækkuð um tæplega 21% að raunvirði á árunum 2009-2011 en síðan bætt í aftur á árunum þar á eftir.

Hluttur höfuðborgarsvæðisins í atvinnutekjum í þessum flokki var 61,3% árið 2008 en hafði aukist í 63,0% árið 2015. Tæplega 5% aukning varð á Norðurlandi vestra og 1,5% á Norðurlandi eystra. Annars staðar varð samdráttur, mestur á Vestfjörðum 27%²⁹ og á Austurlandi um 7%. Annars staðar var samdrátturinn 1,0-4,5%.

Fræðslustarfsemi

Fræðslustarfsemi inniheldur leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla, íþrótt- og tólmstundakennslu, listnám, öku- og flugskóla og aðra fræðslustarfsemi auk þjónustu við fræðslustarfsemi. Að langstærstum hluta eru þeir sem vinna við fræðslustarfsemi starfsmenn sveitarfélaga þ.e. starfsmenn grunnskóla, leikskóla og í mörgum tilvikum tónlistarskóla eða starfsmenn ríkisins þ.e. starfsmenn framhaldsskóla og háskóla. Breytingar á atvinnutekjum í fræðslustarfsemi skýrast því að miklu leyti af breytingum á kjarasamningum þessara hópa.

Atvinnutekjur við fræðslustarfsemi jukust úr tæpum 90,7 milljörðum kr. árið 2008 í 98,5 milljarða kr. árið 2015. Aukningin kom á árunum 2012-2015 eftir riflega 12% raunlækkun á atvinnutekjum í greininni árin eftir hrun. Mestu munar um 8,5 milljarða kr. aukningu árið 2015. Rúmlega 65% atvinnutekna í fræðslustarfsemi eru á höfuðborgar-svæðinu á móti 35% á landsbyggðunum. Aukning varð á öllum svæðum. Minnst var hún á Norðurlandi vestra 3,1%, næst minnst var hún á Norðurlandi eystra og Austurlandi um 6,5% á hvoru svæði. Suðurnesin skera sig út með aukningu upp á 17,5%.



²⁹ Vestfirðir skera sig mjög úr í þessum tölum og eru gögnin ekki mjög trúverðug án frekari skoðunar. Samkvæmt gögnunum lækka atvinnutekjur í þessum flokki úr 2.852 milljónum kr. í 2.071 milljón kr. eða um 781 milljón kr.. Meginhluti lækkunarinnar er í Ísafjarðarbæ á milli áruna 2008 og 2009.

Heilbrigðis- og félagsþjónusta





Til þessa flokks telst heilbrigðisþjónusta þ.m.t. tannlækningar, þjónusta sjúkraþjálfara, sálfræðinga og rannsóknarstofa í læknisfræði, ummönnun á dvalarheimilum með hjúkrun, á sviði þroskahömlunar, geðheilbrigðis og vímuefnamisnotkunar, dvalarheimili fyrir aldraða og fatlaða og félagsþjónusta án dvalar á stofnunum, dagvistun barna og starfsemi skólalagheimila og frístundaheimila.

Þessi flokkur var með atvinnutekjur upp á 98,8 milljarða kr. á árinu 2008 og jukust þær um 5 milljarða króna á tímabilinu 2008-2015 og voru 103,8 milljarðar kr. á árinu 2015. Samtals var 18% lækkun á atvinnutekjum fyrstu árin eftir hrun en síðan aukning á árunum þar á eftir eins og í flestum öðrum greinum.

Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í atvinnutekjum í þessum flokki var tæp 72% árið 2015 og hafði hlutdeild svæðisins af heild hækkað lítillega frá árinu 2008. Atvinnutekjur af heilbrigðis- og félagsþjónustu hækkuðu að raunvirði um 5,1% í heild fyrir landið allt. Þróun atvinnutekna er þó ansi mismunandi eftir landshlutum. Samdráttur var á þremur svæðum. Á Norðurlandi vestra var hann um 18,6%, á Suðurnesjum um 12,9% og Austurlandi um 3,3%. Á Vesturlandi stóðu atvinnutekjur í þessum flokki í stað. Hlutfallslega varð mest aukning á Norðurlandi eystra, Vestfjörðum og Suðurlandi en hún var 8-9% á hverju svæði. Á höfuðborgarsvæðinu var hún 6,1%.



Menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi

Undir þennan flokk falla sviðslistir og listsköpun, bóka- og skjalasöfn, rekstur sögulegra staða og bygginga, starfsemi grasagarða, dýragarða og þjóðgarða, fjárhættu- og veðmálastarfsemi, íþróttastarfsemi, rekstur íþróttamannvirkja, heilsu- og líkamsræktarstöðva, starfsemi skemmti- og þemagarða auk annarrar skemmtunar og tólmundastarfa.




Atvinnutekjur 2008-2015

Atvinnutekjur af greininni voru 16,5 milljarðar kr. á árinu 2008 en hækkaði upp í 17,6 milljarða kr. á árinu 2015. Nemur aukningin 6,7%. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins er 78% en næst kemur Norðurland eystra með ríflega 7% og Suðurland með tæplega 6%. Samdráttur varð samtals í þeim greinum sem falla undir þennan flokk fyrstu árin eftir hrun. Atvinnutekjur jukust síðan verulega árin 2012-2014. Lækkun varð síðan á árinu 2015 og má rekja það til verulegar og óútskýrðrar lækkunar³⁰ á Suðurnesjum á því ári. Í öðrum landshlutum varð veruleg hækkun. Á Vestfjörðum hækkuðu atvinnutekjur í þessum flokki um ríflega 100 milljónir kr. eða 111%. Á Suðurlandi varð einnig veruleg hækkun, um 47%. Annars staðar var hækkunin mildari.



Félagasamtök og önnur starfsemi

Undir þennan flokk eru sameinaðir bálkar S, T, U og X³¹. Undir þetta fellur því starfsemi félagssamtaka svo sem samtaka í atvinnulífinu, fagfélaga, stéttarfélaga, trúfélaga, stjórnmalasamtaka, húsfélaga og fleiri félagasamtaka. Undir þennan flokk fellur einnig þjónustustarfsemi eins og tölvuviðgerðir, viðgerðir á heimilistækjum ýmiskonar, skóm, húsgögnum og öðrum hlutum til heimilisnota, þvottahús, efnalaugar, hárgreiðslu- og snyrtistofur, útfararþjónusta, nuddstofur, sólbaðsstofur og önnur þjónustustarfsemi. Að auki eru bálkar sem hafa takmarkaða starfsemi s.s. heimilishald með launuðu starfsfólki, þjónustustarfsemi og framleiðsla á heimilum til eigin nota og starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (þ.m.t. alþjóðlegar stofnanir og sendiráð).





³⁰ Samtals er lækkun upp á 716 milljónir kr. á milli áruna 2014 og 2015. Hún er óútskýrð.

³¹ Sjá nánar Viðauka 1.

Atvinnutekjur 2008-2015

Atvinnutekjur af þessari starfsemi nam samtals 18,1 milljarði kr. árið 2008 og hafði aukist upp í 18,8 milljarða kr. árið 2015. Þróun þessara atvinnugreina var svipuð og margra annarra með samdrætti á árunum 2009-2011 en með stigvaxandi aukningu síðan. Tæplega þrír fjórðu af atvinnutekjum runnu til íbúa á höfuðborgarsvæðinu en þar á eftir kom Norðurland eystra með 7% og Suðurland með 6%.


Þróun á atvinnutekjum í þessum flokki var afar mismunandi eftir landshlutum. Þannig varð yfir 20% aukning á Austurlandi og tæplega 10% aukning á Suðurnesjum. Yfir 20% samdráttur mældist á Vesturlandi, 10% á Suðurlandi og 9% á Vestfjörðum. Ekki er alltaf um stórar tölur að ræða þannig að hlutfall getur ráðist af fáum starfsmönnum eða breytingum á skráningu einstaklinga í staðgreiðsluskrá.



Kynskiptur vinnumarkaður

Kynskiptur vinnumarkaður einkennist af því að mikill meirihluti þeirra sem vinna ákveðin störf eru af öðru kyninu³². Atvinnutekjur karla á árinu 2015 voru umtalsvert hærri en atvinnutekjur kvenna. Eins og margoft hefur fram komið er hluti af þessum launamun óútskýrður kynbundinn launamunur þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til munar á aldri, menntun, starfsaldri, starfshlutfalli, starfsstétt, yfirvinnu, og vaktaálagi.³³ Í þessari skýrslu er fyrst og síðast horft til breytileika á milli atvinnugreina, svæða og hvaða þróun hefur átt sér stað á tímabilinu 2008-2015. Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Jafnréttisstofu kemur fram að atvinnuþátttaka karla er meiri en kvenna, hlutfall kvenna í hlutastörfum er hærri, karlar vinna að meðaltali 44 klukkustundir í viku á móti 35 klukkustundum hjá konum og 47 klukkustundir ef aðeins er horft til þeirra sem eru í fullu starfi á móti 41 klukkustund hjá konum.³⁴ Það útskýrir mun á atvinnutekjum upp að vissu marki en ekki öllu eins og áður segir. Vegna þessa var gefin út í október 2012 Aðgerðaráætlun um launajafnrétti kynjanna af velferðarráðuneytinu til fjögurra ára³⁵.

Hlutfall atvinnutekna kvenna eftir atvinnugreinum 2008 og 2015



³² <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37> um kynskiptan vinnumarkað.

³³ <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37> um kynbundinn launamun og http://jafnretti.is/D10/Files/2015_tolulegar_upplýsingar_2015_14okt.pdf mynd 18 óleiðréttur launamunur kynjanna, eftir störfum 2008 og 2014.


³⁴ http://jafnretti.is/D10/Files/2015_tolulegar_upplýsingar_2015_14okt.pdf

³⁵ https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur/2012/Adgerdaaetlun_um_launajafnratti_kynjanna.pdf

Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum

Atvinnutekjur karla og kvenna eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Þannig eru atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af heild í fiskveiðum aðeins 4%, 5% í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og 7% í námugreftri og jarðefnavinnslu. Þar aðeins fyrir ofan koma fiskeldi þar sem hlutfall atvinnutekna er 14% og í veitustarfsemi, meðhöndlun úrgangs þar sem hlutfallið er 18% og annarri framleiðslu án fiskvinnslu þar sem hlutfallið er 21%. Hæst er hlutfallið í fræðslustarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu 73%. Þar á eftir kemur flokkurinn félagasamtök og önnur starfsemi með 57%. Konur eru með um helming atvinnutekna í veitinga- og gistirekstri, fjármála- og váttryggingastarfsemi, opinberri stjórnarsýslu og almannatryggingum og í menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi.

Breyting á hlutfall atvinnutekna kvenna eftir atvinnugreinum milli árunna 2008 og 2015




Verulegar breytingar urðu á hlutfalli atvinnutekna kvenna í ákveðnum atvinnugreinum. Þannig dróst hlutfallið saman í fiskvinnslu, upplýsingum og fjarskiptum og fiskeldi en jókst í öllum öðrum greinum. Mest hlutdeildaraukningin varð í fjármála- og váttryggingastarfsemi um 7,2%. Það er athyglisvert í ljósi þess að það líka sú atvinnugrein þar sem atvinnutekjur drógust mest saman á tímabilinu 2008-2015 ásamt byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Næst mest aukning varð í opinberri stjórnarsýslu og almannatryggingum 4,9% og í flokknum félagasamtökum og önnur starfsemi um 2,6% af heild.


Það getur verið gagnlegt að bera saman hlutfall atvinnutekna kvenna eftir atvinnugreinum og svæðum til að sjá hvort að verulegur munur er á landsmeðaltalinu og einstökum landssvæðum. Það getur bent til að samsetning starfa eftir atvinnugreinum sé mismunandi eftir landssvæðum. Á sumum svæðum kemur fram athyglisverður munur en frekari greiningar og niðurbrot er nauðsynlegt til að draga frekari ályktanir af þeim tölum.

Atvinnutekjur eftir landshlutum

Á höfuðborgarsvæðinu var ekki mikið frávik frá landsmeðaltali, hvorki varðandi hlutdeild atvinnutekna á árinu 2015 eða þegar að litið var til breytinga á hlutdeild atvinnutekna kvenna í ákveðnum atvinnu-greinum. Mestur var munurinn í hlutdeild atvinnutekna kvenna 22% í veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs en á landsvísu var hlutfallið 18%. Þá voru flokkarnir framleiðsla án fiskvinnslu og leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta með heldur hærra hlutfall atvinnutekna kvenna en á landsvísu. Á móti kemur að hlutur kvenna í atvinnutekjum af veitinga- og gistirekstri er heldur lægri. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á höfuðborgarsvæðinu hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 38,7% í 41,5%.




Á Suðurnesjum er launahlutdeild kvenna mun hærrí í fjármála- og váttryggingastarfsemi en á landsvísu, en einnig í heilbrigðis- og félagsþjónustu, fræðslustarfsemi, flutningum og geymslum og í veitinga- og gistirekstri. Í þessum flokkum munar um 10-14%. Mikill hlutfallslegur munur er í landbúnaði og fiskeldi en þær greinar eru frekar litlar á Suðurnesjum. Undir meðaltali eru hins vegar fasteignaviðskipti, menningar-íþróttá- og tólmundastarfsemi þar sem hlutur kvenna hefur lækkað frá 2008. Svo er einnig í upplýsingum- og fjarskiptum og veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs. Mest aukning varð í floknum opinber stjórnsýsla og almannatryggingar en hann er nú nærri landsmeðaltali. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Suðurnesjum hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 33,2% í 37,6%.




Atvinnutekjur 2008-2015

Líkt og á Suðurnesjum er hlutdeild kvenna í atvinnutekjum af fjármála- og váttryggingastarfsemi hærrí á Vesturlandi en að landsmeðaltali. Aðrar greinar sem eru heldur hærrí eru fiskvinnsla, veitinga- og gistirekstur, fasteignaviðskipti og fræðslustarfsemi. Hlutdeild kvenna í upplýsingum og fjarskiptum er á hinn bóginn mun lægra á svæðinu en að meðaltali á landinu öllu. Heldur lægra hlutfall er í veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs og í flutningum og geymslu. Veruleg hlutfallsleg aukning varð í hlutdeild launa kvenna í fasteignaviðskiptum og veruleg lækkun í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Vesturlandi hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 33,9% í 36,2%.



Á Vestfjörðum er hlutdeild atvinnutekna kvenna mun hærrí í fjármála- og váttryggingastarfsemi en á landsvísi og heldur hærrí í fræðslustarfsemi, félagasamtökum og annarri starfsemi, menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Lægra er hlutfallið hins vegar í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu og í flutningum og geymslum. Helstu breytingar á tímabilinu 2008-2015 voru að hlutdeild kvenna jókst mikið í menningar- íþrótt- og tómstundastarfsemi, fræðslustarfsemi, í flokknum félagasamtök og önnur starfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Á sama tíma varð veruleg lækkun á leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu og fasteignaviðskiptum. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Vestfjörðum hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 34,8% í 36,7%.






Á Norðurlandi vestra er hlutdeild kvenna í atvinnutekjum mun meiri í veitinga- og gistirekstri, fjármála- og váttryggingastarfsemi, félagasamtökum og annarri starfsemi og í flokknum sérfræðilegri, tæknilegri og vísindalegri starfsemi. Flestar aðrar atvinnugreinar eru við landsmeðaltal nema að hlutur kvenna í fiskvinnslu og flokknum veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs er heldur lægri en landsmeðaltalið.

Atvinnutekjur 2008-2015

Helstu breytingar á tímabilinu 2008-2015 er mikil hlutfallsleg hækkun í fasteignaviðskiptum og veruleg hækkun í félagasamtök og annarri starfsemi og í floknum flutningum og geymslum. Á móti varð veruleg lækkun í fiskvinnslu. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Norðurlandi vestra hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 36,7% í 39,6%.

Á **Norðurlandi eystra** er hlutdeild kvenna í atvinnutekjum að mestu leyti nálægt landsmeðaltali. Helstu frávikin eru að liðurinn flutningar og geymsla er mun lægri en á landsvísu. Félagasamtök og önnur starfsemi, framleiðsla án fiskvinnslu, upplýsingar og fjarskipti og leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta eru einnig nokkru lægri. Helstu breytingar voru aukning á hlutdeild kvenna í fasteignaviðskiptum og nokkur lækkun í upplýsingum og fjarskiptum. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Norðurlandi eystra hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 34,5% í 37,1%.


Á **Austurlandi** er hlutdeild kvenna í atvinnutekjum mun hærri í fjármála- og vátryggingastarfsemi, félagasamtökum og annarri starfsemi, veitinga- og gistirekstri og fasteignaviðskiptum. Minni hlutdeild er hins vegar í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu, flutningum og geymslum og í fiskvinnslu. Aukning í hlutdeild kvenna varð mest í fjármála- og vátryggingastarfsemi og í félaga-



Atvinnutekjur 2008-2015

samtökum og annarri starfsemi en mest dróst hún saman í upplýsingum og fjarskiptum. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Austurlandi hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 30,4% í 31,6%.

Á **Suðurlandi** er áberandi að hlutdeild kvenna í atvinnutekjum í fjármála- og váttryggingastarfsemi er miklu hærri en landsmeðaltalið og þar var einnig mesta hækkunin á tímabilinu 2008-2015. Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs og flutningar og geymsla eru mun lægri en landsmeðaltalið en að öðru leyti er launahlutdeild kvenna eftir atvinnugreinum nálægt landsmeðaltalinu. Mesta lækkunin varð í fiskvinnslu og í veitinga- og gistirekstri á tímabilinu 2008-2015. Hlutdeild kvenna í atvinnutekjum á Suðurlandi hækkaði á tímabilinu 2008-2015 úr 34,5% í 36,9%.




Breytileiki landshlutanna


Hér að framan hefur verið fjallað um skiptingu atvinnugreina milli landshluta og kynskiptan vinnumarkað. Það er einnig mikill breytileiki innan landshlutanna hvað varðar samsetningu vinnumarkaðarins, uppruna atvinnutekna og breytingar sem urðu á milli árána 2008 og 2015.

Höfuðborgarsvæðið³⁶


Atvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu námu 651,0 milljarði kr. á árinu 2015 og höfðu hækkað um 2,0 milljarða kr. frá árinu 2008 á verðlagi ársins 2015. Það gerir aukningu upp á 0,3% á meðan íbúum fjölgaði um 7,9%. Hluttur Reykjavíkur vegur þungt í meðaltalinu vegna þess hve hátt hlutfall íbúanna býr þar. Atvinnutekjur í Reykjavík drógust saman á tímabilinu 2008-2015 um 4,4% á meðan að íbúum fjölgaði um 3,1%. Þessi samdráttur leiðir til þess að aukning atvinnutekna á tímabilinu 2008-2015 á höfuðborgarsvæðinu mælist nær engin. Atvinnutekjur drógust sömuleiðis saman á Seltjarnarnesi en þar fækkaði íbúum um tæpt prósent. Allt önnur staða er uppi í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og Seltjarnarness þar sem að íbúafjölgun var alls staðar á annan tug prósent og aukning á atvinnutekjum var veruleg.



Meðalatvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu³⁷ námu 5,0 milljónum kr. árið 2008 en höfðu lækkað niður í 4,7 milljónir kr. árið 2015. Alls staðar varð lækkun nema að meðalatvinnutekjur í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi stóðu nokkurn veginn í stað á milli árána. Hæstar voru meðalatvinnutekjur árið 2008 á Seltjarnarnesi og í Garðabæ um 6 milljónir kr. Lægstar voru þær hins vegar í Reykjavík og í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi 4,8 milljónir kr. en heldur hærri í Hafnarfirði. Sama mynstur var á árinu 2015 en þá var Reykjavík orðin lægst en Hafnarfjörður og Mosfellsbær og Kjósarhreppur var þar skammt fyrir ofan.



Mestu atvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2015 eru í flokknum verslun og viðgerð ökutækja eða 12,3%. Nokkur munur er á milli svæða þar sem í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi er hlutfallið 14,4% en 10,2% á Seltjarnarnesi. Næst




³⁶ Höfuðborgarsvæðið er skilgreint sem Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Öll sveitarfélögin eru sundurgreind að öðru leyti en því að Kjósarhreppur fylgir Mosfellsbæ vegna fámennis.

³⁷ Meðallaun eru reiknuð sem hlutfall atvinnutekna deilt með fjölda íbúa á aldrinum 18-67 ára.

Atvinnutekjur 2008-2015


stærsta greinin var heilbrigðis- og félagsþjónusta með 11,4% þar sker Reykjavík sig nokkuð úr með 12,4% og einnig Seltjarnarnes með 11% en hlutfallið annars staðar á svæðinu er ríflega 10%. Þriðja stærsta greinin er fræðslustarfsemi með 9,9%. Þar sker Garðabær sig úr með 7,9% en önnur svæði eru með frá 9,3% upp 10,5%. Önnur framleiðsla en fiskvinnsla er með 9,3% af atvinnutekjum á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum flokki er mestur breytileiki á milli svæða. Þannig er aðeins 6% atvinnutekna á Seltjarnarnesi úr þessum flokki og 8% í Reykjavík en á hinum endanum eru Hafnarfjörður með 14,3% og Mosfellsbær og Kjósarhreppur með 11%.

Næstu greinar þar á eftir eru sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi (7,5%), upplýsingar og fjarskipti (7,3%), fjármála- og váttryggingastarfsemi (7,3%), opinber stjórnsýsla og almannatryggingar (7,3%) og flutningar og geymsla (6,5%). Í sérfræðilegri og vísindalegri starfsemi sker Seltjarnarnes sig út með 9,9% af atvinnutekjum í þeim flokki. Lægst þar eru Hafnarfjörður með 5,4% og Mosfellsbær og Kjósarhreppur með 6,6%. Í flokknum upplýsingar og fjarskipti eru Garðabær og Hafnarfjörður lægst með 5,8% og 5,6%. Í fjármála- og váttryggingastarfsemi er mikill breytileiki. Með mesta hlutféild er Seltjarnarnes með 11,8% og Garðabær með 10,8%. Á hinum endanum eru Hafnarfjörður og Mosfellsbær og Kjósarhreppur með rúmlega 6%. Í flokknum opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum er Seltjarnarnes eina sveitarfélagið sem sker sig úr með 9,5%. Í flokknum flutningum og geymslu er Garðabær áberandi hærri en önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með 9,1%.



Í Reykjavík varð 4,4% samdráttur á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2015 eða 16,8 milljarðar kr. en atvinnutekjur árið 2015 voru ríflega 363 milljarðar kr. Mestu atvinnutekjur árið 2015 voru greiddar í heilbrigðis- og félagsþjónustu 45,2 milljarðar kr. Þar á eftir kemur verslun og viðgerðir ökutækja með 43,2 milljarða kr. Þriðja stærsta greinin var fræðslumál með 37,3 milljarða kr. í atvinnutekjum. Þar á eftir með 27-29 milljarða kr. voru framleiðsla án fiskvinnslu, upplýsingar og fjarskipti, sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg þjónusta og opinber stjórnsýsla og almannatryggingar.

Helstu breytingar voru að fjármála- og váttryggingastarfsemi dróst saman um 17,6 milljarða kr. eða rúmlega 40%. Næst mesti samdrátturinn var í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 9,6 milljarðar kr. Verulegur samdráttur varð einnig í verslun og viðgerðum ökutækja 4,7 milljarðar kr. Á móti kom 7,0 milljarða kr. aukning í atvinnutekjum af




Atvinnutekjur 2008-2015

veitinga- og gistirekstri 4,2 milljarða kr. aukning í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu. Þá varð einnig aukning í fiskvinnslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Í Kópavogi varð aukning á atvinnutekjum 7,5% á milli viðmiðunaráranna sem eru um 7,7 milljarðar kr. en atvinnutekjur á árinu 2015 voru 105,5 milljarðar kr. Mestu atvinnutekjur í Kópavogi á árinu 2015 voru í verslun og viðgerðum ökutækja 13,5 milljarðar kr. Næst þar á eftir kom heilbrigðis- og félagsþjónusta með 10,8 milljarða kr. Þá kemur framleiðsla án fiskvinnslu og fræðslumál með um 10 milljarða kr. hvor flokkur. Síðan koma fjármála- og váttryggingastarfsemi með 8,4 milljarða kr., sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg þjónusta með 7,9 milljarða kr., upplýsingar og fjarskipti með 7,7 milljarða kr. og flutningar og geymsla með 7,2 milljarða kr.


Aukningin á atvinnutekjum dreifðist á margar greinar en mest varð aukningin í eftirtöldum greinum:

Veitinga- og gistirekstur 1,7 milljarðar kr., heilbrigðis- og félagsþjónusta 1,5 milljarðar kr., framleiðsla án fiskvinnslu 1,3 milljarðar kr., fræðslustarfsemi 1,3 milljarðar kr., flutningar og geymsla 1,2 milljarðar kr., leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta 1,2 milljarðar kr., upplýsingar og fjarskipti 1,1 milljarðar kr., opinber stjórnýsla og almannatryggingar 1,1 milljarðar kr. og sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi 0,9 milljarðar kr.



Mestur samdráttur í Kópavogi var á hinn bóginn í fjármála- og váttryggingastarfsemi um 3,1 milljarðar kr. (27%) og í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 2,3 milljarðar kr. (30%). Nær enginn samdráttur varð í öðrum greinum en þessum tveimur í Kópavogi á milli árunna 2008 og 2015.

Á Seltjarnarnesi varð samdráttur í atvinnutekjum 8,6% á milli árunna 2008 og 2015 eða 1.514 milljónir kr. en atvinnutekjur á árinu 2015 námu 16,2 milljörðum kr. Mestu atvinnutekjur í sveitarfélaginu eru í fjármála- og váttryggingastarfsemi 1,9 milljarður kr., og í heilbrigðis- og félagsþjónustu 1,8 milljarður kr. Næst þar á eftir koma fræðslustarfsemi, verslun




og viðgerðir ökutækja og fræðslu-starfsemi með 1,6 milljarð kr. hver grein. Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar koma þar rétt á eftir með 1,5 milljarð kr.

Að langstærstum hluta má rekja samdrátt í atvinnutekjum til fjármála- og váttryggingastarfsemi þar sem atvinnutekjur drógust saman um 1.415 milljónir kr. (43%). Að auki varð samdráttur í verslun og viðgerðum ökutækja tæplega 280 milljónir kr. (14%), í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 220 milljónir kr. (40%) og í flutningum og geymslum 200 milljónir kr. (16%). Á móti kom aukning um 220 milljónir kr. í sérfræðilegri, tæknilegri og vísindalegri starfsemi, um 180 milljónir kr. í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu, um 180 milljónir kr. í veitinga- og gistirekstri og um 140 milljónir kr. í fræðslustarfsemi.

Í Garðabæ jukust atvinnutekjur um 10,7% á tímabilinu 2008-2015 sem er aukning upp á ríflega 5 milljarða kr. en atvinnutekjur á árinu 2015 voru 52,3 milljarðar kr. Þær greinar sem voru með hæstu atvinnutekjurnar í bæjarfélaginu árið 2015 voru: Verslun og viðgerðir ökutækja 6,6 milljarðar kr., fjármála- og váttryggingastarfsemi 5,7 milljarðar kr., framleiðsla án fiskvinnslu 5,2 milljarðar kr., flutningar og geymsla 4,7 milljarðar kr., sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg þjónusta 4,6 milljarðar kr. og fræðslustarfsemi 4,1 milljarður kr.

Mest varð aukningin í flokknum flutningar og geymsla 1.330 milljónir kr. (39%) og þar á eftir kom leigustarfsemi með aukningu upp á tæpar 990 milljónir kr. (129%). Einnig varð veruleg aukning í eftirtöldum greinum: Framleiðsla án fiskvinnslu 750 milljónir kr. (17%), veitinga- og gistirekstur tæpar 730 milljónir kr. (103%), verslun og viðgerðir ökutækja ríflega 600 milljónir kr. (10%), fræðslustarfsemi 570 milljónir kr. (16%) og heilbrigðis- og félagsþjónusta 480 milljónir kr. (10%).




Verulegur samdráttur varð hins vegar í fjármála- og váttryggingastarfsemi tæpar 1.660 milljónir kr. (23%) og í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð rúmlega 900 milljónir kr. (33%). Samdráttur í öðrum greinum var minniháttar.

Aukning atvinnutekna í Hafnarfirði á milli árána 2008 og 2015 nam ríflega 5 milljörðum kr. eða 6,3% en atvinnutekjur á árinu 2015 voru 84,3 milljarðar kr. Mestar atvinnutekjur voru í framleiðslu án fiskvinnslu 12,1 milljarður kr., í verslun og viðgerðum ökutækja 10,6 milljarðar kr., í heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðsluþjónustu 8,4 milljarðar kr. í hvorri grein. Næst þar á eftir koma flutningar og geymsla með 5,8 milljarða kr., opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 5,2 milljarða kr., fjármála- og váttryggingastarfsemi með 5,1 milljarð kr. og sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi með 4,6 milljarða kr.

Aukning atvinnutekna á tímabilinu byggir á mörgum þáttum. Helstir þeirra eru: Veitinga- og gistirekstur þar sem atvinnutekjur jukust um 1.550 milljónir kr. (90%), flutningar og geymsla sem jókst um 1.540


Atvinnutekjur 2008-2015

milljónir kr., framleiðsla án fiskvinnslu 1.500 milljónir kr. (14%), fræðslustarfsemi 1.150 milljónir kr. (15%), flokkurinn leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta ríflega 1.100 milljónir kr. (64%), heilbrigðis- og félagsþjónusta um 1.100 milljónir kr. (15%) og fiskvinnsla rétt innan við 800 milljónir kr. (132%). Samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 2.840 milljónir kr. (40%) og í fjármála- og váttryggingastarfsemi um tæplega 1.600 milljónir kr. (24%).



Í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi jukust atvinnutekjur á milli árána 2008 og 2015 um 2,5 milljarða kr. eða 9,5% en atvinnutekjur á árinu 2015 námu 29,3 milljörðum kr. Mestu atvinnutekjurnar voru í verslun og viðgerðum ökutækja 4,2 milljarðar kr., þá í framleiðslu án fiskvinnslu 3,2 milljarðar kr., fræðslustarfsemi 3,1 milljarður kr., heilbrigðis- og félagsþjónustu 3,0 milljarðar kr. Um og undir 2 milljörðum kr. eru upplýsingar og fjarskipti, opinber stjórnsýsla og almannatryggingar, sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg þjónusta og fjármála- og váttryggingastarfsemi.


Mest varð aukning atvinnutekna í fræðslustarfsemi og framleiðslu um ríflega 600 milljónir kr. í hvorri grein (25% og 23%). Næst kom opinber stjórnsýsla og almanna-tryggingar með um 530 milljónir kr. (36%), veitinga- og gistirekstur með um 400 milljón kr. aukningu (94%), flutningar og geymsla með 380 milljón kr. aukningu (31%) og upplýsingar og fjarskipti með aukningu upp á tæpar 340 milljónir (20%).




Langmestu samdráttur varð á hinn bóginn í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um tæpar 1.270 milljónir kr. (43%) og í fjármála- og váttryggingastarfsemi um 290 milljónir kr. (14%).

Suðurnes³⁸


Atvinnutekjur á Suðurnesjum voru 58,9 milljarðar kr. á árinu 2015 og höfðu hækkað um 4,2 milljarða kr. frá árinu 2008. Það gerir aukningu upp á 7,7% en á sama tíma fjölgaði íbúum um 9,0%. Segja má að þróun atvinnutekna íbúa Suðurnesja á milli árána 2008 og 2015 sé þrískipt. Í Grindavík hafa atvinnutekjur aukist um ríflega fjórðung á meðan að íbúum fjölgaði um 12,5%. Í Reykjanesbæ jukust atvinnutekjur um 7,7% en íbúum fjölgaði um 9,0%. Í nágrennasveitarfélögum Reykjanesbæjar, Sveitarfélaginu Garði, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum, fækkaði íbúum hins vegar um 6,5%³⁹ og atvinnutekjur drógust saman um 7,8%.



Meðalatvinnutekjur á Suðurnesjum voru árið 2015 um 90% af landsmeðaltali. Hæstar voru þær í Grindavík 4,8 milljónir kr. á ári sem er nokkuð yfir landsmeðaltali en þær hækkuðu líka mest á árabílinu 2008 til 2015 eins og áður segir. Meðalatvinnutekjur lækkuðu hins vegar lítillega í Reykjanesbæ, þar sem 2/3 íbúanna búa og eru á pari við meðaltalið á Suðurnesjum enda dregur sveitarfélagið það til sín. Lægstu meðalatvinnutekjurnar eru hins vegar í Sveitarfélaginu Garði, Sandgerðisbæ og í Sveitarfélaginu Vogum um 3,8 milljónir kr. sem eru um 82% af landsmeðaltalinu.



Mestu atvinnutekjurnar voru í flutningum og geymslum⁴⁰ eða 15,9%. Til samanburðar er landsmeðaltalið 6,3%. Það þarf varla að koma á óvart þar sem þjónusta á Keflavíkurflugvelli hefur verið ört vaxandi undanfarin ár. Nær fimmtungur allra atvinnutekna í Reykjanesbæ eru af greininni og rúmlega 13% í nágrennasveitarfélögunum þremur. Í Grindavík er hlutfallið hins vegar aðeins ríflega 3%. Næst stærsta greinin er fiskvinnsla er með um 10,7% atvinnutekna á Suðurnesjum. Tæplega fjórðungur atvinnutekna í Grindavík koma úr fiskvinnslu og sker bæjarfélagið sig talsvert úr. Hlutfallið í Vogum, Garði og Sandgerði er líka hátt, tæp



³⁸ Suðurnes eru skilgreind sem sveitarfélögin Grindavík, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar, Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær. Svæðið er sundurgreint í þrennt. Grindavík og Reykjanesbær eru sérgreind en hin sveitarfélögin þrjú tekin saman.


³⁹ Fækkun í Sveitarfélaginu Garði var 2,4%, Sveitarfélaginu Vogum 6,7% og Sandgerðisbæ 9,8%.

⁴⁰ Undir flokkinn flutningar og geymsla falla m.a. flutningar með flugi og á landi, vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga.

Atvinnutekjur 2008-2015


18% en mun lægra í Reykjanesbæ. Þriðja stærsta greinin er verslun og viðgerðir ökutækja með 10,4% af atvinnutekjunum. Í þessari grein er Grindavík áberandi lægst með 6,7%. Næstu greinar þar á eftir eru fræðslustarfsemi með 8,8% og opinber stjórnsýsla með 8,7% og er Grindavík undir meðaltali í báðum greinum.

Næstu greinar í stærð eftir atvinnutekjum eru framleiðsla án fiskvinnslu, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, fiskveiðar og leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta með 5,2%-7,4%. Helsti breytileiki í þessum greinum er að í framleiðslu án fiskvinnslu er Grindavík undir meðaltalinu og sömuleiðis í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð þar sem að Garður, Vogar og Sandgerði eru nokkuð yfir meðaltali svæðisins. Í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu er Garður, Vogar og Sandgerði verulega undir meðaltali. Á Suðurnesjum standa fiskveiðar undir 6,7% af atvinnutekjum svæðisins en í Grindavík standa þær undir riflega fimmtugi atvinnutekna í bæjarfélaginu en aðeins undir 4-6% í hinum sveitarfélögnum fjórum.



Í Reykjanesbæ varð 8,7% aukning á atvinnutekjum á milli árána 2008 og 2015 eða um tæplega 3,2 milljarða kr. en atvinnutekjur á árinu 2015 voru 39,5 milljarðar kr. Langmestu atvinnutekjurnar á árinu 2015 voru í flokknum flutningar og geymsla 7,7 milljarðar kr. Næst þar á eftir kom verslun og viðgerðir ökutækja upp á 4,5 milljarða kr. Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar og fræðslustarfsemi voru með 3,6-3,7 milljarða kr. hvor flokkur. Næst þar á eftir var framleiðsla án fiskvinnslu með rúmlega 3 milljarða kr.

Stærsta breytingin í Reykjanesbæ var að atvinnutekjur í flokknum flutningar og geymsla jukust um 3,7 milljarða kr. (94%) á milli árána 2008 og 2015. Næst mesta aukningin varð í fiskvinnslu um 1,2 milljarð kr. (120%) og þar á eftir var tæplega milljarðs kr. aukning í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu. Fjórða mesta aukningin varð í fræðslustarfsemi 560 milljónir kr. Mestan hluta af aukningu á atvinnutekjum í Reykjanesbæ má því rekja til ferðapjónustu og Keflavíkurflugvallar. Á móti kom að mikill samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð en hann nam á tímabilinu 3,3 milljörðum kr. (55%). Samdráttur varð í flokknum menningar-, íþrótt- og tómsundastarfsemi



Atvinnutekjur 2008-2015

tæplega 0,6 milljarða kr. (72%)⁴¹ og einnig varð samdráttur í fjármála- og váttryggingastarfsemi 0,5 milljarð kr. (34%).

Atvinnutekjur í Grindavík jukust um 26% á milli árána 2008 og 2015 sem gerir 1,9 milljarð kr. en atvinnutekjur á árinu 2015 námu tæpum 9,3 milljörðum kr. Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi sjávarútvegsins í


Grindavík þegar að myndin hér til hliðar er skoðuð en hann stóð undir 4,2 milljörðum kr. af atvinnutekjum íbúa í Grindavík eða ríflega 45%. Til samanburðar eru þrjár næstu greinar með 600-650 milljónir í atvinnutekjum en þær eru fræðslu-starfsemi, opinber stjórnsýsla og almanna-tryggingar og verslun og viðgerðir ökutækja.



Mesta aukning á atvinnutekjum á tímabilinu 2008 til 2015 varð í fiskvinnslu um 1.150 milljónir kr. (103%). Næst mest aukning varð í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu um 381 milljón kr. (396%) og í fiskveiðum 355 milljónir kr. (22%). Mestur samdráttur varð í bygginga- og mannvirkjagerð um 340 milljónir kr. (40%) og í menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi um 200 milljónir (80%)⁴².

Á svæðinu sem inniheldur nágrennasveitarfélög Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð og Sveitarfélagið Voga varð 7,8% samdráttur á atvinnutekjum á milli

áranna 2008 og 2015 sem eru um 860 milljónir kr. Þetta má að a.m.k. að hluta til rekja til 6,5% fólksfækkunar sem varð á svæðinu. Atvinnutekjur á árinu 2015 námu tæpum 10,2 milljörðum kr. og lækkuðu því um 860 milljónir kr.



Mestu atvinnutekjurarnar í þessum þremur sveitarfélögum komu af fiskvinnslu en atvinnutekjur af henni námu 1,8 milljarði kr.

⁴¹ Þessi breytingu þarf að skoða nánar. Hún á sér að stærstum hluta stað á milli árána 2014 og 2015 en óvenjulegt er að þessi flokkur taki svo miklum hlutfallslegum breytingum.

⁴² Þessi breytingu þarf að skoða nánar. Hún á sér að stærstum hluta stað á milli árána 2014 og 2015 en óvenjulegt er að þessi flokkur taki svo miklum hlutfallslegum breytingum.


Atvinnutekjur 2008-2015

Næst þar á eftir komu flutningar og geymsla með ríflega 1,3 milljarð kr. Næstu greinar í atvinnutekjum eru verslun og viðgerðir ökutækja með 960 milljónir kr., byggingastarfsemi og mannvirkjagerð með 930 milljónir kr. og fræðslustarfsemi með tæpar 920 milljónir kr. Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar og framleiðsla án fiskvinnslu eru síðan með tæplega 800 milljónir kr. í atvinnutekjur hvor grein.


Mesta aukning í atvinnutekjum var í flutningum og geymslum um 490 milljónir kr. (57%) og í fiskvinnslu um 450 milljónir kr. (33%). Langmestur samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 920 milljónir kr. (50%). Þar á eftir kom opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með samdrátt upp á 280 milljónir kr. (26%) og fiskveiðar 230 milljónir kr. (28%).

Vesturland⁴³


Atvinnutekjur á Vesturlandi námu 44,2 milljörðum kr. á árinu 2015 og höfðu aukist um 0,2% að raunvirði frá árinu 2008. Á sama tíma fjölgaði íbúum Vesturlands um 1,3%. Þessar tölur segja hins vegar ekki mikið um þróunina innan svæðisins þar sem hún var mjög mismunandi. Á suðurhluta svæðisins, á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, hækkuðu atvinnutekjur um 3,7% og íbúum fjölgaði um 6,3%, mest á Akranesi. Í Borgarbyggð, Skorradalshreppi og Dalabyggð drógust atvinnutekjur hins vegar saman um 8,7% og íbúum fækkaði um 4,0%. Á Snæfellsnesi jukust atvinnutekjur nokkuð og íbúum fækkaði um 1,6%.



Meðalatvinnutekjur á Vesturlandi voru rétt undir landsmeðaltali árið 2015 og höfðu hækkað lítillega frá árinu 2008. Hæstar voru meðalatvinnutekjur á suðursvæðinu árið 2015 en þær voru 5% yfir landsmeðaltali. Á Snæfellsnesi voru þær rétt yfir landsmeðaltali og höfðu hækkað nokkuð frá árinu 2008. Á svæðinu sem inniheldur Borgarbyggð, Skorradalshrepp og Dalabyggð voru meðalatvinnutekjur hins vegar tæp 83% af landsmeðaltali og lækkuðu frá árinu 2008.



Mestu atvinnutekjur á Vesturlandi á árinu 2015 voru af flokknum framleiðsla án fiskvinnslu 18,3%. Þar koma áhrif iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sterkt inn enda eru ríflega fjórðungur atvinnutekna á suðurhluta svæðisins í þessum flokki. Sömuleiðis eru um 17% af atvinnutekjum í Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi í þessum flokki. Hlutfallið á Snæfellsnesi er hins vegar lágt. Sjávarútvegurinn spilar sterkt inn á Vesturlandi en tæp 12% atvinnutekna eru af fiskveiðum og tæp 9% af fiskvinnslu. Á Snæfellsnesi er sjávarútvegurinn sterkastur en þar koma samtals tæplega 46% atvinnutekna af greinunum tveimur. Á suðurhluta svæðisins er hlutfallið 15%. Eins og við er að búast er hlutfallið lágt í Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi. Fræðslustarfsemi er með 10,8% hlutdeild í atvinnutekjum. Þar eru




⁴³ Vesturland samanstendur af Akranesi, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsbæ, Grundarfirði, Helgafellssveit, Stykkishólmi og Dalabyggð. Svæðið er sundurgreint í þrennt a)Akranes og Hvalfjarðarsveit b)Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð og c) sveitarfélögin á Snæfellsnesi.

Atvinnutekjur 2008-2015


Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppur vel yfir meðaltali með 15% af atvinnutekjum svæðisins. Ástæðu þess má eflaust rekja til Háskólanna á Bifröst og Hvanneyri.

Næstu greinar eru heilbrigðis- og félagsþjónusta með 8,5% af atvinnutekjum árið 2015. Þar var Akranes yfir meðaltali en Snæfellsnesið aðeins með 4%. Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar voru með 8,4%. Þar Akranes aðeins um 5% af sínum atvinnutekjum á meðan hlutfallið á hinum svæðunum var 11-12%. Verslun og viðgerðir ökutækja voru með tæp 7% af atvinnutekjum og þar var svæðið sem inniheldur Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshrepp heldur herra.



Á suðursvæðinu, sem inniheldur Akranes og Hvalfjarðarsveit, voru atvinnutekjur tæplega 22,2 milljarðar kr. og höfðu aukist um 800 milljónir kr. á milli árunna 2008 og 2015 eða 3,7%. Langmestu atvinnutekjurnar á árinu 2015 komu úr framleiðslu án fiskvinnslu 5,9 milljarðar kr.

Þar á eftir komu heilbrigðis- og félagsþjónusta með 2,4 milljarða kr. og fræðslustarfsemi með tæplega 2,2 milljarða kr. Í fiskveiðum námu atvinnutekjurnar 1,8 milljörðum kr. og í fiskvinnslu 1,5 milljarður kr.




Mest aukning varð í fiskvinnslu en atvinnutekjur í greininni jukust um 780 milljónir kr. (107%) á milli árunna 2008 og 2015. Næst þar á eftir komu fiskveiðar með 420 milljónir kr. (29%). Þá jukust atvinnutekjur í framleiðslu án fiskvinnslu og fræðslustarfsemi um 270 milljónir kr. (5% og 14%) í hvorri grein. Mestur samdráttur varð í bygginga- og mannvirkjagerð 940 milljónir kr.(44%) og í fjármála- og váttryggingastarfsemi 250 milljónir (38%).

Á svæðinu sem inniheldur sveitarfélögin Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshrepp drógust atvinnutekjur saman tæpan milljarð kr. á milli árunna 2008 og 2015 eða um 8,7%, en atvinnutekjur á svæðinu námu árið 2015 10,1 milljarði kr. Mestu atvinnutekjurnar komu úr framleiðslu án fiskvinnslu 1,7 milljarður kr., fræðslustarfsemi 1,5 milljarður kr. og opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum tæplega 1,3 milljarður kr. Þar á eftir með 880-890 milljónir kr. koma heilbrigðis- og félagsþjónusta og verslun og viðgerðir ökutækja.


Atvinnutekjur 2008-2015

Samdráttur í atvinnutekjum á milli árána 2008 og 2015 á svæðinu dreifist aðallega á fjórar greinar. Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem dróst saman um 470 milljónir kr. (39%), fjármála- og váttryggingastarfsemi 310 milljónir kr. (59%), framleiðsla án fiskvinnslu 270 milljónir kr. (14%) og verslun og viðgerðir ökutækja 130 milljónir kr. (13%). Á móti kom aukning í veitinga- og gistirekstri um 213 milljónir kr. (73%) og fiskvinnslu um 100 milljónir kr. (252%).



Á Snæfellsnesi⁴⁴ jukust atvinnutekjur á milli árána 2008 og 2015 um 2,3% eða tæplega 270 milljónir kr. en atvinnutekjur á svæðinu námu 11,8 milljörðum kr. árið 2015. Mestu atvinnutekjur á árinu 2015 voru greiddar í fiskveiðum tæplega 3,3 milljarðar kr. og í fiskvinnslu 2,2 milljarðar kr. Þar á eftir komu opinber stjórnarsýsla og almannatryggingar með 1,3 milljarð kr., fræðslustarfsemi með 1,1 milljarð kr. og verslun og viðgerðir ökutækja með 730 milljónir kr.

Þrjár greinar halda uppi aukningu atvinnutekna á milli árána 2008 og 2015. Þær eru fiskvinnsla þar sem atvinnutekjur jukust um 790 milljónir kr. (57%) á tímabilinu, veitinga- og gistirekstur sem jókst um 270 milljónir kr. (114%) og fræðslustarfsemi sem jókst um 150 milljónir kr. (15%). Samdráttur varð mestur í eftirtöldum fjórum greinum: Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 260 milljónir kr. (46%), fiskveiðar um 200 milljónir kr. (6%), fjármála- og váttryggingastarfsemi um tæpar 130 milljónir kr. (48%) og heilbrigðis- og félagsþjónusta 110 milljónir kr. (19%).




⁴⁴ Sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmur.

Vestfirðir⁴⁵

Atvinnutekjur á Vestfjörðum námu 20 milljörðum kr. á árinu 2015 og höfðu lækkað um ríflega 440 milljónir frá árinu 2008. Þetta gerir samdrátt upp á 2,2%. Á sama tíma fækkaði íbúum um 4,9%. Vegna samgangna skiptast Vestfirðir upp í þrjú til fjögur meginatvinnusvæði. Norðursvæði sem inniheldur Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavíkurrepp, suðurfirðina með Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp og að lokum Strandir og Reykhólahrepp. Það að taka Ísafjarðarbæ sérstaklega út eins og gert er í þessari skýrslu gefur því takmarkaða mynd. Í Ísafjarðarbæ fækkaði íbúum um 8,9% og atvinnutekjur drógust saman um 8,2%. Utan Ísafjarðarbæjar fækkaði fólk lítillega á tímabilinu en atvinnutekjur jukust um 5,9%. Fólksfölgun á Vestfjörðum er að mestu bundin við Vesturbyggð þar sem það fjölgaði um ríflega 9% á tímabilinu. Veruleg fólksfækkun varð í flestum öðrum sveitarfélögum en nefna má að íbúatala Bolungarvíkur stóð nokkurn veginn í stað.

Meðalatvinnutekjur á Vestfjörðum á árinu 2015 voru aðeins lægri en landsmeðaltal. Í Ísafjarðarbær voru meðalatvinnutekjur nokkurn veginn í landsmeðaltali en þær höfðu lækkað lítillega frá árinu 2008. Í sveitarfélögum utan Ísafjarðarbæjar voru þær tæplega 94% af landsmeðaltali árið 2015 og höfðu hækkað lítillega frá árinu 2008.


Sjávarútvegur er sem fyrr mikilvægur á Vestfjörðum en tæplega þriðjungur atvinnutekna á svæðinu kemur af sjávarútvegi. Það skiptist þannig að 17% koma úr fiskveiðum og ríflega 14% úr fiskvinnslu. Fiskveiðar eru áberandi stærsta greinin utan Ísafjarðarbæjar með rúmlega fimmtung atvinnutekna. Næstu greinar eru opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með ríflega 10% og fræðslustarfsemi með rúmlega 9%.



⁴⁵ Vestfirðir innihalda sveitarfélögin Reykhólahrepp, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Súðavíkurrepp, Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Strandabyggð. Við skiptingu Vestfjarða reyndist ekki vera önnur leið til að ná nægilega stórum svæðum sem innihéldu a.m.k. 3.000 íbúa en tvískipting, þ.e. að taka Ísafjarðarbæ einan út og taka önnur sveitarfélög saman. Æskilegra hefði verið að telja Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurrepp með Ísafjarðarbæ en það hefði þýtt að þau sveitarfélög sem eftir stæðu hefðu aðeins verið með um 2.200 íbúa.


Atvinnutekjur 2008-2015

Næstu greinar þar á eftir eru heilbrigðis- og félagsþjónusta með tæplega 9% atvinnutekna. Í þeirri grein er Ísafjarðarbær með meira en tvöfalt hærra hlutdeild en önnur sveitarfélög sem skýrist að öllum líkindum af heilbrigðisstofnuninni á Ísafirði. Aðrar greinar eru framleiðsla án fiskvinnslu 6%, verslun og viðgerðir ökutækja 5,5% og byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 4,5%.



Í Ísafjarðarbæ var samdráttur í atvinnutekjum upp á 960 milljónir kr. á milli árána 2008 og 2015 eða 8,2% en atvinnutekjur á árinu 2015 námu 10,8 milljörðum kr. Eins og áður sagði voru fiskvinnsla og fiskveiðar stærstu atvinnugreinarnar. Atvinnutekjur í fiskvinnslu námu tæpum 1,7 milljarði kr. og í fiskveiðum 1,4 milljarði kr. Næstu greinar eru heilbrigðis- og félagsþjónusta með 1,2 milljarð kr. og fræðslustarfsemi með ríflega milljarð kr. Næst þar á eftir kemur opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 0,9 milljarða kr.

Á tímabilinu jukust atvinnutekjur mest í fiskvinnslu um 570 milljónir kr. (51%). Aukning varð einnig í heilbrigðis- og félagsþjónustu um 240 milljónir kr. (25%, í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu um 140 milljónir kr. (123%) og í menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi⁴⁶ um 118 milljónir kr. (243%).



Samdráttur varð langmestur í opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum um 780 milljónir kr. (46%). Nær allur samdrátturinn er tilkominn á árinu 2009 og þarfnast nánari útskýringar⁴⁷. Næst mestur samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 500 milljónir kr. (52%) og þar á eftir kom samdráttur í fiskveiðum 370 milljónir kr. (21%). Aðrar greinar þar sem samdráttur varð eru fjármála- og váttryggingastarfsemi með samdrátt í atvinnutekjum rúmlega 200 milljónir kr. (45%), verslun og viðgerðir ökutækja með samdrátt 180 milljónir kr. (22%) og framleiðsla án fiskvinnslu þar sem að atvinnutekjur drógust saman um 110 milljónir kr. (13%).

Í sveitarfélögum utan Ísafjarðarbæjar voru atvinnutekjur 9,3 milljarðar kr. á árinu 2015 en það var aukning upp á ríflega 0,5 milljarða kr. frá árinu 2008 eða tæp 6%. Mestu atvinnutekjurnar komu af


⁴⁶ Ath.flokkurinn menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi var aðeins 49 milljónir kr. árið 2008 á verðlagi ársins 2015. En var að meðaltali 158 milljónir árin 2009-2015 með óverulegum frávikum milli ára.

⁴⁷ Hugsanlega útskýring væri að skráning hefði breyst og atvinnutekjur sem færðust undir þennan flokk hafi færst yfir á aðra flokka sem tengjast opinberri þjónustu og þá ýmist komið fram sem aukning eða minni samdráttur í þeim flokkum.

Atvinnutekjur 2008-2015

fiskveiðum rétt tæpir 2 milljarðar kr. Þar á eftir koma fiskvinnsla með tæplega 1.170 milljónir kr., opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 1.140 milljónir kr. og fræðslustarfsemi með 820 milljónir kr. í atvinnutekjur. Heilbrigðis- og félagsþjónusta voru með 530 milljónir kr. í atvinnutekjur og verslun og viðgerðir ökutækja með um 480 milljónir kr.

Langmesta aukning atvinnutekna á svæðinu á tímabilinu 2008 til 2015 var í fiskeldi sem margfaldaðist á tímabilinu. Atvinnutekjur í greininni jukust um 350 milljónir kr. (591%). Einnig varð aukning í fiskveiðum um 130 milljónir kr. (7%), og í veitinga- og gistirekstri og í fræðslustarfsemi um ríflega 110 milljónir kr. í hvorri grein (100% og 16%).







Samdráttur varð mestur í þremur greinum. Þær eru: byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 200 milljónir kr. (32%), fjármála- og váttryggingastarfsemi 130 milljónir kr. (38%) og í heilbrigðis- og félagsþjónustu 110 milljónir kr. (17%).

Norðurland vestra⁴⁸

Atvinnutekjur á Norðurlandi vestra námu tæpum 18,4 milljörðum kr. á árinu 2015 og höfðu dregist saman um 260 milljónir að raunvirði frá árinu 2008 eða um 1,4%. Í Húnavatnssýslum drógust atvinnutekjur saman um 3,0% og íbúum fækkaði um rúmlega 200 eða 6,6%, mest í Húnaþingi vestra og á Skagaströnd. Í Skagafirði drógust atvinnutekjur saman um 0,4% og íbúum fækkaði um ríflega 130 eða 3,3%.

Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi vestra voru um 4,1 milljón kr. sem er rúmlega 90% af landsmeðaltali árið 2015. Allnokkur munur var á milli svæðanna þar sem í Húnavatnssýslum voru meðalatvinnutekjur um 85% af landsmeðaltali en um 95% í Skagafirði. Í Húnavatnssýslum höfðu meðaltekjurnar hækkað frá árinu 2008 um tæp 3% að raunvirði en um tæp 2% í Skagafirði.


Mestu atvinnutekjur á Norðurlandi vestra árið 2015 komu úr opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum, tæp 14%. Í Húnavatnssýslum var hlutfallið ríflega 16% sem líklega skýrist af starfsstöðvum Vinnumálastofnunar á Skagaströnd og Hvammstanga og sektarinnheimtu á Blönduósi. Fræðslustarfsemi er með 12,5% af atvinnutekjum á svæðinu. Í Skagafirði er hlutfallið 14% sem skýrist af Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Háskólanum á Hólum. Þriðja stærst í atvinnutekjum eru verslun og viðgerðir ökutækja með 10%. Þar er hlutfallið rúmlega 7% í Húnavatnssýslum á meðan það er tæp 12% í Skagafirði. Heilbrigðis- og félagsþjónusta er síðan með tæp 9%. Framleiðsla án fiskvinnslu er með 8,5% af atvinnutekjum á svæðinu, fiskveiðar með 8%, landbúnaður með 6,5% og fiskvinnsla ríflega 6%.



⁴⁸ Norðurlandi vestra er sundurgreint í tvennt. Annars vegar sveitarfélögin Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð sem eru í Húnavatnssýslum og Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur sem eru í Skagafjarðarsýslu.


Atvinnutekjur 2008-2015

Í Húnavatnssýslum var samdráttur í atvinnutekjum um 3% eða ríflega 220 milljónir að raunvirði á tímabilinu 2008 til 2015. Atvinnutekjur árið 2015 námu 7,2 milljörðum kr. Mestu atvinnutekjurnar árið 2015 voru greiddar í opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum um 1.180 milljónir kr. Þá koma fiskveiðar og fræðslustarfsemi með um 740 milljónir kr. hvor grein. Rúmlega 700 milljónir kr. voru í atvinnutekjur af heilbrigðis- og félagsþjónustu og tæplega 700 milljónir í framleiðslu án fiskvinnslu. Atvinnutekjur í landbúnaði voru tæplega



600 milljónir kr. Mestur samdráttur á tímabilinu var í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 242 milljónir kr. (35%), í heilbrigðis- og félagsþjónustu 170 milljónir kr. (19%) og í fiskveiðum 150 milljónir kr. (17%). Aukning varð í fiskvinnslu upp á 187 milljónir kr. (146%) og í landbúnaði 164 milljónir kr. (38%)⁴⁹.


Í Skagafirði drógust atvinnutekjur saman um 50 milljónir kr. að raunvirði á milli árána 2008 og 2015 eða 0,4%. Mestar atvinnutekjur á árinu 2015 komu úr fræðslustarfsemi með tæpan 1,6 milljarð kr., opinber stjórnsýsla og almannatryggingar 1,3 milljarð kr. og síðan verslun og viðgerðir ökutækja 1,3 milljarð kr. Þar á eftir koma heilbrigðis- og félagsþjónusta með 880 milljónir kr., framleiðsla án fiskvinnslu með tæplega 860 milljónir kr., fiskvinnsla með 850 milljónir kr. og fiskveiðar með 730 milljónir kr. Mest aukning á milli árána 2008 og 2015 var í fiskvinnslu rúmar 450 milljónir kr. (115%), í landbúnaði rúmar 150 milljónir kr. (35%), í veitinga- og gístirekstri 140 milljónir kr. (86%) og í verslun og viðgerðum ökutækja 100 milljónir kr. (9%). Samdráttur varð mestur í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 410 milljónir kr. (34%), í fiskveiðum ríflega 300 milljónir kr. (29%) og í heilbrigðis- og félagsþjónustu 190 milljónir kr. (18%).




⁴⁹ Hluta af aukningu í landbúnaði má rekja til hækkunar á reiknuðu endurgjaldi bænda, sjá framar í umfjöllum um landbúnað.

Norðurland eystra⁵⁰


Atvinnutekjur á Norðurlandi eystra námu 81,7 milljarði kr. á árinu 2015 og höfðu hækkað um 2,7 milljarða að raunvirði frá árinu 2008 eða 3,5%. Á sama tíma fjölgaði íbúum á svæðinu í heild um 1,6%. Þegar gögnin eru klofin í þrennt sést að útkoman er langbest á Akureyri þar sem að atvinnutekjur jukust um 4,7% og íbúum fjölgaði um 5,0%. Í öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð jukust atvinnutekjur um 2,5% en íbúum fækkaði um 3,8%. Í Þingeyjarsýslum varð rétt mælanleg aukning á atvinnutekjum frá 2008 en íbúum fækkaði um 3,4%.



Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi eystra voru 4,4 milljónir kr. árið 2015 sem var 97% af landsmeðaltali og höfðu hækkað lítillega að raunvirði frá árinu 2008. Meðaltekjur á Akureyri og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð voru lítið eitt hærri en meðaltal landshlutans. Meðalatvinnutekjur í Þingeyjarsýslum voru hins vegar 92% af landsmeðaltali. Meðaltekjur á Akureyri höfðu lækkað lítillega frá árinu 2008 á meðan þær höfðu hækkað lítillega í Þingeyjarsýslum. Í sveitarfélögunum við Eyjafjörð án Akureyrar hækkuðu þær um rúmlega 4%.




Mestu atvinnutekjur á Norðurlandi eystra komu úr fjórum greinum. Heilbrigðis- og félagsþjónusta 12,9%, fiskveiðum 12,2%, fræðslustarfsemi 11,8% og framleiðsla án fiskvinnslu 10,3%. Heilbrigðis- og félagsþjónusta er með 15,5% af atvinnutekjum á Akureyri meðan hlutfallið er 8,5% á hinum tveimur svæðunum. Þetta má eflaust að hluta til rekja til stærðar sjúkrahússins á Akureyri. Fiskveiðar standa undir tæpum fimmtungi atvinnutekna sveitarfélaganna við Eyjafjörð án Akureyrar en eru lægri annars staðar. Fræðslustarfsemin er með hæst hlutfall á Akureyri enda háskóli og tveir framhaldsskólar í bænum.




⁵⁰ Norðurlandi eystra er skipt í þrennt. Akureyri, sveitarfélögin við Eyjafjörð án Akureyrar og Þingeyjarsýslur. Sveitarfélögin við Eyjafjörð eru Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur. Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum eru Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Norðurþing, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Atvinnutekjur 2008-2015

Næstu greinar þar á eftir eru verslun og viðgerðir ökutækja með 7,6%, opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 7,0%, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með 6,4% og fiskvinnsla með 5,0%. Athygli vekur að 11,5% atvinnutekna í Þingeyjarsýslum er í opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum. Fiskvinnslan er einnig svæðisbundin þar sem að tíundi hluti atvinnutekna í sveitarfélögunum við Eyjafjörð án Akureyrar koma úr fiskvinnslunni en aðeins tæplega 3% á Akureyri.



Á Akureyri jukust atvinnutekjur um tæplega 2,3 milljarða kr. á tímabilinu 2008 til 2015 eða um 4,7%. Atvinnutekjur árið 2015 námu samtals rétt tæpum 51 milljarði kr. Mestar atvinnutekjur komu úr heilbrigðis- og félagsþjónustu 7,9 milljarðar kr. Þar á eftir kom fræðslustarfsemi með 6,5 milljarða kr. og framleiðsla án fiskvinnslu með 5,6 milljarða kr. Fiskveiðar voru með tæplega 5 milljarða kr. í atvinnutekjur á árinu 2015 og verslun og viðgerðir ökutækja með um 4,3 milljarða kr. Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar voru með atvinnutekjur 2,8 milljarða kr., flutningar og geymsla 2,3 milljarða kr. og veitinga- og gistirekstur með ríflega 2,1 milljarða kr.




Mest aukning varð í heilbrigðis- og félagsþjónustu og í framleiðslu án fiskvinnslu um milljarður kr. í hvorri grein (14% og 21%). Í veitinga- og gistirekstri jukust atvinnutekjur um 740 milljónir kr. (53%), í fiskvinnslu um 600 milljónir kr. (72%), í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu um 400 milljónir kr. (30%) og í fræðslustarfsemi um 380 milljónir kr. (6%). Mestur samdráttur varð á hinn bóginn í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 1.350 milljónir kr. (31%), í fjármála- og váttryggingastarfsemi um 530 milljónir kr. (27%) og í sérfræðilegri, tæknilegri og vísindalegri starfsemi um 390 milljónir kr. (17%).

Í sveitafélögunum við Eyjafjörð án Akureyrar jukust atvinnutekjur um 430 milljónir kr. eða 2,5% á milli áranna 2008 og 2015 en atvinnutekjur í þessum sveitarfélögum námu samtals 17,8 milljörðum kr. árið 2015. Þar af voru 3,4 milljarðar atvinnutekjur af fiskveiðum sem er næstum tvöfalt meira en af næstu grein. Þar á eftir koma fiskvinnsla með 1,8 milljarð kr., framleiðsla án fiskvinnslu með 1,7 milljarð kr., fræðslustarfsemi með tæplega 1,7 milljarð kr., heilbrigðis- og félagsþjónusta með 1,5 milljarða kr., opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 1,4 milljarða kr., byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með tæplega 1,3 milljarða kr. og verslun og viðgerðir ökutækja með 1,2 milljarða kr.


Atvinnutekjur 2008-2015

Mest aukning varð í fiskvinnslu en atvinnutekjur þar jukust um 480 milljónir kr. (36%), í fiskveiðum um 260 milljónir kr. (8%), framleiðslu án fiskvinnslu og í veitinga- og gistirekstri um tæplega 250 milljónir kr. (17% og 79%) og í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu um 160 milljónir kr. (66%). Mestur samdráttur í atvinnutekjum var í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 890 milljónir kr. (42%) og næst mestur í fjármála- og váttryggingastarfsemi 70 milljónir kr. (12%).



Í Þingeyjarsýslum stóðu atvinnutekjur í stað á milli árána 2008 og 2015 en þær námu um 12,9 milljörðum kr. Mestar atvinnutekjur komu af fiskveiðum tæpar 1,6 milljarður kr. Atvinnutekjur af fræðslustarfsemi og

opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum var 1,5 milljarður kr. af hvorri grein. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu voru atvinnutekjur 1,1 milljarður kr. og tæplega 1,1 milljarður kr. í framleiðslu án fiskvinnslu. Tæpar 900 milljónir kr. voru atvinnutekjur af byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, 830 milljónir kr. í fiskvinnslu og 810 milljónir kr. í veitinga- og gistirekstri.







Mest aukning í atvinnutekjum var í veitinga- og gistirekstri 310 milljónir kr. (63%), leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu 190 milljónir kr. (82%) og fræðslustarfsemi 110 milljónir kr. (8%). Mestur samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð ríflega 280 milljónir kr. (24%), og um 110 milljónir kr. í fjármála- og váttryggingastarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu (28% og 9%).

Austurland⁵¹

Atvinnutekjur á Austurlandi námu rúmlega 34 milljörðum kr. árið 2015 og höfðu lækkað um tæplega 960 milljónir kr. frá árinu 2008 eða um 2,7%. Á norðurhluta Austurlands, ofan Fagradals, lækkuðu atvinnutekjur um 12,5% og íbúum fækkaði um 18,3%. Á suðurhlutanum jukust atvinnutekjur um 6,1% en íbúum fækkaði um 8,4%. Stórframkvæmdum á Austurlandi var ekki lokið á árinu 2008 sem er viðmiðunarár í þessari skýrslu og því eru tölur um íbúapróun og þróun atvinnutekna ekki fyllilega samanburðarhæfar. Þess vegna er mynd hér til hliðar sem sýnir atvinnutekjur á árunum 2008-2015. Þar kemur verulegt fall á milli áruna 2008 og 2009 þegar stórframkvæmdunum á Austurlandi lauk. Frá árinu 2009 til ársins 2015 jukust atvinnutekjur um 4,8 milljarða kr. eða 16,4%.

Meðalatvinnutekjur á Austurlandi voru 5,1 milljón kr. á árinu 2015 og höfðu hækkað að raunvirði um 21% frá árinu 2008. Meðaltalið fyrir Austurland er ríflega 12% yfir landsmeðaltali. Á norðurhluta Austurlands voru meðalatvinnutekjur árið 2015 á pari við landsmeðaltalið og höfðu hækkað um 16% frá árinu 2008. Á suðurhluta Austurland voru meðalatvinnutekjur 5,7 milljónir kr. á sama tíma og höfðu hækkað um 24% frá árinu 2008 og voru rúmlega 23% yfir landsmeðaltali.

Ríflega 40% atvinnutekna á Austurlandi koma úr framleiðslugreinum, þ.e. framleiðslu og fiskveiðum. Fimmti hluti allra atvinnutekna á Austurlandi komu af framleiðslu án fiskvinnslu. Á báðum svæðunum komu um 20% atvinnutekna af þessum flokki. Fiskveiðar eru með tæp 12% af atvinnutekjum í landshlutanum. Miklu hærra hlutfall atvinnutekna af fiskveiðum var á suðursvæðinu, 16%, en hlutfallið var




⁵¹ Austurland er skipt í tvennt. Annars vegar Austurland norðurhluti sem inniheldur sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalhreppur og Seyðisfjarðarkaupstað og hins vegar Austurland suðurhluti sem inniheldur Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpvogshreppur.

Atvinnutekjur 2008-2015


5% í norðurhlutanum. Sömu sögu var að segja af fiskvinnslu sem var með 10% atvinnutekna á Austurlandi. Þar var hlutfall atvinnutekna í suðurhlutanum 13% en 7% í norðurhlutanum.

Fjórar næstu greinar í stærð eftir atvinnutekjum eru þjónustugreinar. Fræðslustarfsemi er með um 9% hlutdeild, opinber stjórnsýsla og almannatryggingar eru með rúmlega 7%, heilbrigðis- og félagsþjónusta með um 7% og verslun og viðgerðir ökutækja með tæp 6%. Mun hærra hlutfall atvinnutekna er á norðursvæðinu í flokknum opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum annars vegar og verslun og viðgerðum ökutækja en á suðursvæðinu.



Á norðursvæðinu var samdráttur í atvinnutekjum á milli árána 2008 og 2015 upp á 2,1 milljarð kr. eða 12,5%. Ef horft er frá árinu 2009 til ársins 2015 jukust atvinnutekjur á norðursvæðinu um 1,5 milljarð kr. að raunvirði. Atvinnutekjur á árinu 2015 námu 14,5 milljörðum kr. Mestu atvinnutekjurnar komu af framleiðslu án fiskvinnslu 2,7 milljarðar kr. Þar á eftir komu opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 1,6 milljarð kr. og fræðslustarfsemi með ríflega 1,4 milljarða kr.

Með um milljarð í atvinnutekjum eru eftirtaldar greinar: fiskvinnsla, verslun og viðgerðir ökutækja og heilbrigðis- og félagsþjónusta.




Mestur samdráttur á milli árána 2008 og 2015 varð eins og við var að búast í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um 2,3 milljarða kr. (76%). Einnig varð nokkur samdráttur í verslun og viðgerðum ökutækja upp á 240 milljónir kr. (19%), sérfræðilegri, tæknilegri og vísindalegri starfsemi tæpar 240 milljónir kr. (28%) og í heilbrigðis- og félagsþjónustu tæpar 110 milljónir kr. (10%). Á móti kom aukning í framleiðslu án fiskvinnslu upp á 480 milljónir kr. (21%), í fiskvinnslu 240 milljónir kr. (31%) og í veitinga- og gistirekstri 120 milljónir kr. (31%).

Á suðursvæðinu varð aukning í atvinnutekjum um 1,1 milljarð kr. eða 6,1%. Atvinnutekjur á suðursvæðinu námu um 19,5 milljörðum kr. á árinu 2015. Ef aðeins er horft til tímabilsins 2009-2015 var aukningin tæplega 3,3 milljarðar kr. eða 20%. Mestar atvinnutekjur komu úr eftirtöldum greinum: Framleiðsla án fiskvinnslu tæpur 4,1 milljarður kr., fiskveiðar 3,1 milljarður kr., fiskvinnsla 2,5 milljarðar kr., fræðslustarfsemi 1,5 milljarður kr., heilbrigðis- og félagsþjónusta 1,4 milljarður kr., leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta 1,1 milljarður kr. og tæplega 1,1 milljarður kr. flutningum og geymslum.

Atvinnutekjur 2008-2015


Mest aukning varð í fiskvinnslu 875 milljónir kr. (54%), þá í fiskveiðum 470 milljónir kr. (18%), leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu 360 milljónir kr. (47%) og fræðslustarfsemi 170 milljónir kr.

Mestur samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 590 milljónir kr. (42%), í fjármála- og vátryggingastarfsemi um 190 milljónir kr. (46%), verslun og viðgerðir ökutækja tæplega 190 milljónir kr. (17%) og í opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum um tæplega 130 milljónir kr. (12%).




Suðurland⁵²

Atvinnutekjur á Suðurlandi námu tæpum 71,2 milljörðum kr. á árinu 2015 og höfðu aukist að raunvirði um 4,2 milljarða kr. eða 6,2% frá árinu 2008. Tekjur jukust á öllum svæðum á Suðurlandi, mest hlutfallslega í Vestmannaeyjum, Árnassýslu utan stærsta þéttbýlis og í Skaftafellssýslum. Íbúum fjölgaði sömuleiðis á öllum svæðum, hlutfallslega mest í Sveitarfélaginu Árborg og í Vestmannaeyjum en minnst í Rangárvallasýslu.




Meðalatvinnutekjur á Suðurlandi voru árið 2015 ríflega 91% af landsmeðaltali og höfðu hækkað um tæp 2% frá árinu 2008. Hæstar voru meðalatvinnutekjur í Vestmanneyjum 5,4 milljónir kr., sem er 18% yfir landsmeðaltali og höfðu hækkað um

rúmlega 7% frá árinu 2008. Í Skaftafellssýslum eru meðalatvinnutekjur rétt í tæpu landsmeðaltali og hækkuðu frá 2008 um tæp 6%. Sveitarfélagið Árborg, sem er fjölmennasta svæðið, er með meðalatvinnutekjur upp á 90% af landsmeðaltali og þær lækkuðu um 3,5% að raunvirði frá árinu 2008. Lægstar eru meðalatvinnutekjurnar í Rangárvallasýslu þar sem þær eru 76% af landsmeðaltali og 82% í Árnassýslu utan stærra þéttbýli.




Fjórar greinar voru með um 10% hlutdeild í atvinnutekjum á Suðurlandi árið 2015. Það voru fiskveiðar með 10,8%, fræðslustarfsemi með 10,6%, framleiðsla án fiskvinnslu með 9,9% og heilbrigðis- og félagsþjónusta með 9,6%. Svæðisbundinn mismun er hægt að sjá í nokkrum greinum enda svæðið mjög fjölbreytt. Vestmannaeyjar skáru sig verulega úr með 32% af atvinnutekjum eyjanna í fiskveiðum. Þá voru Skaftafellssýslurnar með 13% sem skýrist af sjávarútvegi á Höfn í Hornafirði. Í Rangárvallasýslu eru rúmlega fimmtungur atvinnutekna af framleiðslu án fiskvinnslu.



⁵² Suðurland er skipt í sex svæði. Þau eru i)Skaftafellssýslur með Sveitarfélaginu Hornafirði, Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi, ii)Vestmannaeyjar, iii)Rangárvallasýsla með Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi, iv)Sveitarfélagið Árborg, v)Árnassýsla utan Árborgar, Hveragerðis og Ölfuss sem inniheldur Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp og Flóahrepp vi)Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus.

Atvinnutekjur 2008-2015


Næstu fjórar greinar eru opinber stjórnsýsla og almannatryggingar með 8,9%, fiskvinnsla með 7,8%, verslun og viðgerðir ökutækja með 7,6% og byggingastarfsemi og mannvirkjagerð með 6,7%. Verulegur breytileiki er einnig í þessum greinum. Í Vestmannaeyjum kom 17% atvinnutekna af fiskvinnslu, 15% í Skaftafellssýslu og 11% í Hveragerði og Ölfusi. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart þar sem allar þær þrjár fiskihafnir



sem eru á svæðinu er í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Í verslun og viðgerðum ökutækja eru Árborg áberandi stærst á meðan hlutfallið er lægst í Skaftafellssýslum. Ríflega 4% atvinnutekna á Suðurlandi koma af landbúnaði. Hæst er hlutfallið í Árnessýslu utan aðalþéttbýlisstaðanna þriggja, tæp 21%. Í Rangárvallasýslu er hlutfallið 9%.

Í Skaftafellssýslum jukust atvinnutekjur um rúmlega 800 milljónir kr. að raunvirði á milli árána 2008 og 2015 eða um 9,9% en atvinnutekjur námu 9,0 milljörðum kr. árið 2015. Mestu atvinnutekjurnar komu úr sjávarútvegi sem

bundinn er við Höfn í Hornafirði. Í fiskvinnslu voru atvinnutekjur upp á tæplega 1,4 milljarð kr. og tæplega 1,2 milljarðar kr. í fiskveiðum. Næst þar á eftir kom veitinga- og gisti- og gjafrekstur með ríflega einn milljarð kr. Þá kom opinber stjórnsýsla og almannatryggingar 940 milljónir kr., heilbrigðis- og félagsþjónusta með 800 milljónir kr. og fræðslustarfsemi upp á 760 milljónir kr.




Á tímabilinu 2008 til 2015 varð mest aukning í veitinga- og gistirekstri um 590 milljónir kr. (128%), í fiskvinnslu um 510 milljónir kr. (58%) og í heilbrigðis- og félagsþjónustu um 170 milljónir kr. (27%). Samdráttur varð hins vegar mestur í fiskveiðum upp á ríflega 300 milljónir kr. (21%) og í verslun og viðgerðum ökutækja tæpar 100 milljónir kr. (20%).

Í Vestmannaeyjum jukust atvinnutekjur um rúmlega 1,9 milljarð kr. að raunvirði á milli árána 2008 og 2015 eða 14,7% en heildar atvinnutekjur í Eyjum voru 14,9 milljarðar kr. árið 2015. Nær helmingur atvinnutekna í Vestmannaeyjum koma beint úr sjávarútvegi. Fiskveiðar voru með 4,7 milljarða kr. í atvinnutekjum af fiskveiðum en 2,5 milljarðar kr. komu í atvinnutekjum af fiskvinnslu. Þar á eftir komu með rúman milljarð í atvinnutekjum hver grein, framleiðsla án fiskvinnslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónusta. Ríflega 900 milljónir kr. komu úr flokknum flutningar og geymsla og 770 milljónir kr. úr verslun og viðgerðum ökutækja. Mest aukning varð í atvinnutekjum í fiskvinnslu um 1.080 milljónir kr. (76%), í fiskveiðum um 290 milljónir kr. (7%), í framleiðslu um 210

Atvinnutekjur 2008-2015


milljónir kr. (26%), í veitinga- og gistirekstri um 170 milljónir kr. (153%) og í flutningum og geymslu um 110 milljónir kr. (14%). Samdráttur í einstökum greinum var óverulegur en þó mestur í fjármála- og váttryggingastarfsemi um 50 milljónir kr. (14%) og í heilbrigðis- og félagsþjónustu um 40 milljónir kr. (4%).



Í Rangárvallasýslu jukust

atvinnutekjur um 300 milljónir kr. að raunvirði á milli árána 2008 og 2015 eða 3,9% og voru á árinu 2015 tæplega 8,1 milljarður kr. Mestu atvinnutekjurnar árið 2015 komu úr framleiðslu án fiskvinnslu tæplega 1,7 milljarður kr. og þar næst úr opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum 1,1 milljarður kr. Næstu greinar þar á eftir voru fræðslustarfsemi með 840 milljónir kr., landbúnaður með 720 milljónir kr. og heilbrigðis- og félagsþjónusta með tæplega 720 milljónir kr.


Mest aukning atvinnutekna var í veitinga- og gistirekstri upp á 250 milljónir kr. (126%), í framleiðslu án fiskvinnslu 200 milljónir kr. (14%), í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu 140 milljónir kr. (141%), í landbúnaði 130 milljónir kr. (22%) og í fræðslustarfsemi 110 milljónir kr. (16%). Samdráttur í atvinnutekjum varð hins vegar mestur á tímabilinu 2008 til 2015 í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 310 milljónir kr. (41%) og í fjármála- og váttryggingastarfsemi 70 milljónir kr. (31%).



Í Sveitarfélagið Árborg jukust atvinnutekjur aðeins um 180 milljónir kr. að raunvirði á milli árána 2008 og 2015. Það gerir aukningu upp á tæpt prósent en atvinnutekjur á árinu 2015 voru 20,6 milljarðar kr. Mestar atvinnutekjur árið 2015 komu af fræðslustarfsemi 2,6 milljarðar kr., næst komu heilbrigðis- og félagsþjónusta og framleiðsla án fiskvinnslu með 2,4 milljarða kr. hvor grein. Verslun og viðgerðir ökutækja gáfu af sér 2,3 milljarða kr. í atvinnutekjur, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 1,9 milljarð kr. og opinber stjórnsýsla og almannatryggingar sömuleiðis 1,9 milljarð kr. Næstu greinar þar á eftir sem eru með 800-900 milljónir kr. í atvinnutekjur voru veitinga- og gistirekstur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs og sérfræðileg, tæknileg og vísindaleg starfsemi.


Atvinnutekjur 2008-2015

Mest aukning í atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2015 varð í veitinga- og gistirekstri um 420 milljónir kr. (84%), í heilbrigðis- og félagsþjónustu 410 milljónir kr. (20%), í fræðslustarfsemi 320 milljónir kr. (14%), í flutningum og geymslu 220 milljónir kr. (47%) og í fiskvinnslu 200 milljónir kr. (242%). Mestur samdráttur varð í bygginga- og mannvirkjagerð upp á 1,3 milljarða kr. (41%), í opinberri þjónustu og almannatryggingum 180 milljónir kr. (9%) og í fjármála- og váttryggingastarfsemi 140 milljónir kr. (20%).



Í Sveitarfélaginu Ölfusi og Hveragerðisbæ jukust atvinnutekjur um 2,2% að raunvirði á milli árunna 2008 og 2015 eða um 230 milljónir kr. en atvinnutekjur á svæðinu námu 10,9 milljörðum kr. á árinu 2015. Mestar atvinnutekjur komu af heilbrigðis- og félagsþjónustu 1,3 milljarðar kr., af fiskvinnslu tæplega 1,3 milljarður kr., fræðslustarfsemi 1,2 milljarður kr., framleiðslu án fiskvinnslu 1,2 milljarður kr., og opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum tæplega 1,1 milljarður kr. Næst þar á eftir komu verslun og viðgerðir ökutækja með 860 milljónir kr., byggingastarfsemi og mannvirkjagerð með 740 milljónir kr. og fiskveiðar með 630 milljónir kr.


Mest aukning á atvinnutekjum varð í fiskvinnslu upp á 470 milljónir kr. (59%), í fræðslustarfsemi 170 milljónir kr. (17%), í leigu-starfsemi og sérhæfðri þjónustu 160 milljónir kr. (97%), í fiskeldi 130 milljónir kr. (359%), í opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum tæplega 130 milljónir kr. (13%) og í veitinga- og gistirekstri 100 milljónir kr. (31%). Langmestur samdráttur varð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð upp á 750 milljónir kr. (51%). Samdráttur í fjármála- og váttryggingastarfsemi var 90 milljónir (32%) og í fiskveiðum 74 milljónir kr.(11%).



Atvinnutekjur 2008-2015

Í öðrum sveitarfélögum⁵³ í Árnessýslu utan Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfus og Hveragerðisbæjar jukust atvinnutekjur um 10,9% að raunvirði á milli áráanna 2008 og 2015. Það gerir aukningu upp á tæplega 750 milljónir kr. en atvinnutekjur á árinu 2015 námu 7,6 milljörðum kr. Mestar atvinnutekjur á svæðinu voru af landbúnaði tæplega 1,6 milljarð kr., í fræðslustarfsemi upp á einn milljarð kr., í opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum ríflega 700 milljónir kr., í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 700 milljónir kr. og í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð tæplega 700 milljónir kr.

Mest raunaukning á milli áráanna 2008 og 2015 varð í landbúnaði tæpar 460 milljónir kr. (40%), í veitinga- og gístirekstri 330 milljónir kr. (32%), í verslun og viðgerðum ökutækja 220 milljónir kr. (64%) og í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu upp á tæpar 130 milljónir kr. (156%). Langmestur samdráttur varð á móti í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð upp á 330 milljónir kr. (32%). Þar á eftir kom 80 milljón kr. samdráttur (35%) í flokknum félagasamtök og önnur starfsemi og 70 milljón kr. samdráttur (12%) í heilbrigðis- og félagsþjónustu.



⁵³ Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Samantekt

Hér að framan er gefin mynd af þróun atvinnutekna á landinu eftir atvinnugreinum, kyni, landshlutum og svæðum. Ljóst er af umfjölluninni að samtölur og meðaltöl slétta út mun á milli atvinnugreina og landsvæða og gefa óljósa mynd af þróun einstakra atvinnugreina á einstökum svæðum. Atvinnutekjur á árinu 2015 námu tæpum 980 milljörðum kr. og voru að raunvirði ríflega prósentu hærri en þær voru hrunárið 2008 á meðan íbúum fjölgaði um rúmlega 5%. Þannig hækkuðu atvinnutekjur mest á Suðurnesjum og á Suðurlandi en einnig nokkuð á Norðurlandi eystra. Á sama tíma stóðu þær í stað á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi en drógust saman Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Breytileiki var verulegur innan landshlutanna, jafnvel milli byggða sem liggja þétt saman. Á höfuðborgarsvæðinu varð samdráttur í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, en aukning á atvinnutekjum í öðrum sveitarfélögum á svæðinu. Á Suðurnesjum er svipaða sögu að segja þar sem að mikil aukning varð í Grindavík, nokkur í Reykjanesbæ en samdráttur í hinum sveitarfélögum þremur. Á Vesturlandi varð samdráttur í Borgarfirði og Dölum á meðan aukning varð á atvinnutekjum á öðrum svæðum. Á Vestfjörðum varð samdráttur í Ísafjarðarbæ en aukning í heildina utan hans. Á Norðurlandi vestra varð verulegur samdráttur í atvinnutekjum bæði í Húnavatnssýslum og í Skagafirði. Á Norðurlandi eystra má rekja nær alla aukningu í atvinnutekjum til Eyjafjarðarsvæðisins á meðan Þingeyjarsýslurnar rétt halda sínu. Á Austurlandi varð aukning sunnan Fagradals en samdráttur norðan hans. Á Suðurlandi varð nokkuð myndarleg aukning atvinnutekna alls staðar nema í Sveitarfélaginu Árborg, Hveragerði og Ölfusi og í Rangárvallasýslu.

Aukning varð á atvinnutekjum í nær öllum atvinnugreinum fyrir utan byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og fjármála- og váttryggingastarfsemi þar sem atvinnutekjur drógust samtals saman um yfir 60 milljarða kr. á verðlagi ársins 2015 á milli árána 2008 og 2015. Á móti þessu kom aukning sem af stærstum hluta má tengja ferðaþjónustu en einnig fiskvinnslu og opinberri þjónustu.

Atvinnutekjur karla og kvenna eru einnig mjög mismunandi eftir landshlutum og greinum. Hlutfall atvinnutekna kvenna er hæst á höfuðborgarsvæðinu tæp 42% en lægst á Austurlandi þar sem þær eru 32%. Kynjaskipting vinnumarkaðarins endurspeglar líka vel í þessum tölum þar sem að tæp ¾ atvinnutekna í fræðslustarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu renna til kvenna en innan við 10% í karllægum greinum eins og námu- og jarðefnavinnslu, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og í fiskveiðum.

Meðalatvinnutekjur drógust saman á tímabilinu um 2,9% á landinu öllu. Mest drógust þær saman á Seltjarnarnesi um 7,7% aðallega vegna samdráttar í fjármála- og váttryggingastarfsemi, í Reykjavík um 7,2%, í Kópavogi og Hafnarfirði um 4,8% vegna samdráttar í fjármála- og váttryggingastarfsemi og byggingar- og mannvirkjagerð. Mest jukust meðalatvinnutekjurnar hlutfallslega hins vegar á suðurhluta Austurlands um 23,5%, á norðurhluta Austurlands um 16,2%, í Grindavík um 15,2% og í Vestmannaeyjum um 7,2% fyrst og fremst vegna aukningar atvinnutekna í sjávarútvegi. Hæstu atvinnutekjurnar voru í Garðabæ, Seltjarnarnesi og á suðurhluta Austurlands.

Heimildaskrá

Alþingi. Lög um Byggðastofnun. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999106.html>

Becromal (2016). History. <http://www.becromal.eu/the-history/>

Byggðastofnun (2014). Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaetlun1417/thingsalyktunartillagan-med-athugasemdum.pdf>

Ferðamálastofa (2015). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2015. <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2015>

Fiskistofa (2004). Auglýsing um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska (fam.salmonidae) í sjókvíum er óheimilt. http://www.fiskistofa.is/media/laxa_silungssvid/auglysing_460_2004.pdf

Hagstofa Íslands. Gisting. <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/gisting/>

Hagstofa Íslands (2016). Hagtíðindi. Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2015. https://hagstofa.is/media/49972/hag_160815.pdf

Hagstofa Íslands. Tekjuskiptingaruppgjör. <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/thjodhagsreikningar/tekjuskiptingaruppgjor/>

Isavia (2015). Flugtölur 2015. <http://www.isavia.is/files/flugtolor-2015-final-islenska.pdf>

Íslandsbanki (febrúar 2016). Íslensk ferðapjónusta. <http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/ferdathjo-nustusky-rsla-2016-pdf>

Jafnréttisstofa. Orðabók. <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37>

Jafnréttisstofa (september 2015). Tölulegar upplýsingar. Hlutföll og fjöldi karla og kvenna á ýmsum sviðum samfélags. http://jafnretti.is/D10/Files/2015_tolulegar_upplysingar_2015_14okt.pdf

Landssamband fiskeldisstöðva. Landeldi og nokkrar staðreyndir um fiskeldi. <http://www.lf.is/is/umhverfismal/landeldi/> og <http://www.lf.is/is/nokkrar-stadreyndir-um-fiskeldi-a-landi/>

Orkuveita Reykjavíkur. Ársskýrsla 2008. https://www.or.is/sites/or.is/files/or_arsskyrsla_2008.pdf

Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 (2010). 21.kafli. <http://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/bindi-7/21.-kafli/>

Ríkisskattstjóri (2011 og 2012). Reiknað endurgjald 2011 og 2012. <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2011/> og <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2012/#tab2>

Samgöngustofa. Bifreiðatölur. Ítarlegar tölfræðiupplýsingar um nýskráningu ökutækja. <http://www.samgongustofa.is/umferd/tolfraedi/bifreidatolur/>

Seðlabanki Íslands (2016). Fjármálastöðugleiki 2016-2.

http://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fj%C3%A1rm%C3%A1last%C3%B6%C3%B0ugleiki/2016-2/Fjarmalastodugleiki_%202016_2.pdf

Sjávarklasinn á Íslandi (2014). Efnahagsleg umsvif og afkoma. <http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2015/11/Sjavarklasinn-Efnahagsleg-umsvif-og-afkoma-2014.pdf>

Vegagerðin (mars 2015). Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013.

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013/\\$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013/$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013.pdf)

Velferðarráðuneytið (október 2012). Aðgerðaráætlun um launajafnrétti kynjanna.

https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Adgerdaaaetlun_um_launajafnretti_kynjanna.pdf

Vinnumálastofnun (2009). Hópuppsagnir í desember og á árinu 2008.

<https://www.vinnumalastofnun.is/media/1107/hopuppsagnir-i-desember-2008305696538.pdf>

Viðauki

ÍSAT 2008 flokkunarkerfið – bálfar og kaflaheiti⁵⁴

A – Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar

- Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi
- Skógrækt og skógahögg
- Fiskveiðar og fiskeldi

B – Námuþróftur og vinnsla hráefna úr jörðu

- Kolanám
- Vinnsla á hráolíu og jarðgasi
- Málmnam og málmvinnsla
- Nam og vinnsla annarra hráefna úr jörðu
- Þjónustustarfsemi við námuvinnslu

C – Framleiðsla

- Matvælaframleiðsla
- Framleiðsla á drykkjarvörum
- Framleiðsla á tóbaksvörum
- Framleiðsla á textílvörum
- Fatagerð
- Framleiðsla á leðri og leðurvörum
- Framleiðsla á við, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð: framleiðsla á vörum úr hálm og fléttuefnum
- Framleiðsla á pappír og pappírsvöru
- Prentun og fjölfjöldun upptekins efnis
- Framleiðsla á koxi og hreinsuðum olíuvörum
- Framleiðsla á efnun og efnavörum
- Framleiðsla á lyfjum og efnun til lyfjagerðar
- Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum
- Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum
- Framleiðsla máлма
- Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélun og búnaði
- Framleiðsla á tölvu, rafeinda- og optískum vörum
- Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum
- Framleiðsla á öðrum ótöldum vélun og tækjum
- Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
- Framleiðsla annarra farartækja
- Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum
- Framleiðsla, ótalin annars staðar
- Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja

D – Rafmagns-, gas- og hitaveitur

- Rafmagns-, gas- og hitaveitur

E – Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun

- Vatnsveita, öflun og meðferð vatns

⁵⁴ Heimild: <https://hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf> - sótt 27.10.2016.

- Fráveita
- Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis
- Afmengun og önnur þjónusta við meðhöndlun úrgangs

F – Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð

- Bygging húsnæðis, þróun byggingarverkefna
- Mannvirkjagerð
- Sérhæfð byggingastarfsemi

G – Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum

- Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
- Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum
- Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum

H – Flutningar og geymsla

- Flutningur á landi og eftir leiðslum
- Flutningur á sjó og vatnaleiðum
- Flutningur með flugi
- Vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga
- Póst- og boðberaþjónusta

I – Rekstur gististaða og veitingarekstur

- Rekstur gististaða
- Veitingasala og – þjónusta

J – Upplýsingar og fjarskipti

- Útgáfustarfsemi
- Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa
- Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð
- Fjarskipti
- Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni
- Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu

K – Fjármála- og vátryggingastarfsemi

- Fjármálaþjónusta, þó ekki starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða
- Vátryggingafélög, endurtryggingafélög og lífeyrissjóðir, þó ekki lögboðnar almannatryggingar
- Starfsemi tengd fjármálaþjónustu og vátryggingum

L – Fasteignaviðskipti

- Fasteignaviðskipti (kaup, sala, leiga og miðlun)

M – Sérfræðileg, vísindalega og tæknileg starfsemi

- Lögfræðiþjónusta og reikningshald
- Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rekstrarráðgjöf
- Starfsemi, arkitekta og verkfræðinga; tæknilegar prófanir og greining
- Vísindarannsóknir og þróunarstarf
- Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir
- Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Dýralækningar

N – Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta

- Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga (m.a. bílaleigur)
- Atvinnumiðlun
- Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta
- Öryggis- og rannsóknarstarfsemi

- Fasteignasýsla, hreingerningarsþjónusta og skrudgarðyrkja
- Skrifstofusþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur

O – Opnber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar

- Opnber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar (þ.m.t. dómstólar, fangelsi, löggæsla og brunavarnir)

P – Fræðslustarfsemi

- Fræðslustarfsemi

Q – Heilbrigðis- og félagsþjónusta

- Heilbrigðisþjónusta
- Umönnun á dvalarheimilum
- Félagsþjónusta án dvalar á stofnun

R – Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi

- Skapandi listir og afþreying
- Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi
- Fjárhættu- og veðmálastarfsemi
- Íþrótt- og tómstundastarfsemi

S – Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi

- Starfsemi félagasamtak
- Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka - og heimilisnota
- Önnur þjónustustarfsemi (m.a. þvottahús og efnalaugar, hárgreiðslu- og snyrtistofur, útfararþjónustur, nudd- og sólbaðsstofur)

T – Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota

- Heimilishald með launuðu starfsfólki
- Þjónustustarfsemi og framleiðsla á heimilum á ýmis konar vöru til eigin nota

U – Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt

- Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (m.a. alþjóðlegar stofnanir og sendiráð)